

SKIPULÖGÐ BROTASTARFSEMI Á ÍSLANDI

BROTAHÓPAR OG BREYTTUR
LÖGGÆSLUVERULEIKI 2021-2025

NÓVEMBER 2025



RLS

Ríkislögreglustjóri

FORMÁLI



Kjarni öflugrar löggæslu felst í samvinnu, trausti og markvissri öflun og miðlun upplýsinga. Í baráttunni gegn skipulagðri brotastarfsemi, einni alvarlegustu ógn samtímans, er mikilvægara en nokkru sinni að þessir grunnþættir haldist í hendur.

Skipulögð brotastarfsemi á Íslandi er hvorki bundin við einstök sveitarfélög né lögregluembætti. Hún leitar þangað sem ólögmætan ávinning er að finna og lætur ekki landamæri, tungumál eða löggjöf hindra sig í leit að tækifærum og veikleikum.

Skýrslan sem hér birtist dregur upp heildarmynd af þróun skipulagðrar brotastarfsemi hér á landi síðustu ár. Hún sýnir okkur að lögreglan stendur nú frammi fyrir erfiðu verkefni. Ógnin af skipulagðri brotastarfsemi tekur sífellt á sig nýjar myndir í samspili við tækniþróun og breytta heimsmynd.

Skipulögð brotastarfsemi hagnýtir tækninýjungar, fólksflutninga, stríðsátök og öfgafulla hugmyndafræði til að útvíkka starfsemi sína og auka ólögmætan ávinning. Skipulögðum brotahópum hefur fjölgað og starfsemi þeirra á ýmsum brotasviðum er tvinnuð saman í flókinn vef. Til dæmis getur eina og sama manneskjan orðið fórnarlamb margvíslegra glæpa af hálfu skipulagðra brotahópa s.s. netbrota, fíkniefnabrota,

mansals og peningabættis. Og einmitt vegna þessarar flóknu skörunar getur hver greining og hvert samtal á milli embætta ráðið úrslitum varðandi lausn máls.

Hin nýja upplýsingamiðja, sem stofnuð var innan lögreglu í því skyni að efla samstarf traust og miðlun gagna um skipulagða brotastarfsemi, lék veigamikið hlutverk við gerð skýrslunnar. Með upplýsingamiðjunni er leitast við að tryggja að þekking, innsýn og reynsla sem verður til í einu lögregluembætti nýtist öllu kerfinu og efli þannig sameiginlega getu lögreglu til að sporna gegn skipulagðri brotastarfsemi. Þessi skipan mála hefur þegar skilað áþreifanlegum árangri og sýnir að þegar lögregla sameinar krafta sína og vinnur sem ein heild er hægt að mæta ógninni af skipulagðri brotastarfsemi.

Ég vil þakka öllum þeim sem hafa lagt sitt af mörkum til skýrslunnar; höfundum hennar, þeim sem safna gögnum, greina og rannsaka og einnig þeim sem standa í fremstu víglínu og sinna löggæslu á degi hverjum. Saman stöndum við sterkari.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir,
ríkislögreglustjóri

INNGANGUR	7
BREYTTUR LÖGGÆSLUVERULEIKI	8
BROTAHÓPAR Á ÍSLANDI	12
PENINGAÞVÆTTI	21
FÍKNIEFNI	25
MANSAL	31
NETBROT	37
SKIPULAGÐUR EIGNAÞJÓNFADUR	43
AÐGERÐIR GEGN SKIPULAGÐRI BROTASTARFSEMI	46
NÆSTU SKREF	47
LOKAORÐ	49



INNGANGUR

Skipulögð brotastarfsemi hefur á undanförnum áratugum orðið ein helsta áskorun lögreglu og annarra löggæsluaðila á heimsvísu. Ísland er ekki undanskilið þessari þróun. Skipulögðum brotahópum hefur fjölgað um helming á síðasta áratug og þeir hafa fest sig í sessi í íslensku samfélagi.

Þegar rýnt er í þróun síðustu fimm ára má greina stigmögnun í starfsemi brotahópa hérlandis og aukinn sýnileika. Stigmögnunin felst m.a. í aukinni tíðni og alvarleika ofbeldis, umfangsmeiri brotum og aukinni aðsókn erlendra brotahópa hingað til lands. Þessi þróun er hröð og hún á sér stað þrátt fyrir aukna viðspyrnu löggæsluaðila í málaflokknum.

Umfjöllunin snýr fyrst og fremst að tímabilinu 2021-2025, en síðasta skýrsla ríkislögreglustjóra um málaflokkinn kom út árið 2021. Þó er einnig nauðsynlegt að skoða innlenda þróun síðustu ára í samhengi við þær breytingar sem átt hafa sér stað á alþjóðavísu síðustu 10-20 ár.

Fjallað verður um þá stöðu sem skapast hefur í íslensku samfélagi vegna skipulagðrar brotastarfsemi undanfarin fimm ár, með sérstakri áherslu á umfjöllun um brotahópa, aðferðafræði þeirra og eðli. Með þessu má greina vísbendingar um áframhaldandi þróun sem nauðsynlegt er fyrir yfirvöld að vera meðvituð um. Skýrslunni er einnig ætlað að mynda sameiginlegan skilning á stöðunni í málaflokknum, sem og helstu hugtökum hans, bæði meðal almennings og innan stjórnsýslunnar, sem nýta má í áframhaldandi umræðu.

Skýrslan er unnin af greiningardeild ríkislögreglustjóra. Stuðst er við margvísleg gögn lögreglu og annarra samstarfsaðila, sem og upplýsingar úr dómskerfinu, fræðigreinar, og upplýsingar frá erlendum löggæsluaðilum. Þá var rætt við fjölmarga sérfræðinga málaflokksins innan lögreglu. Áhersluatriði skýrslunnar mótast einnig af nýlegri skýrslu Europol (EU-SOCTA)¹ um stöðu skipulagðrar brotastarfsemi í Evrópu, þar sem greina má sameiginlega þræði í þróuninni.

BREYTTUR LÖGGÆSLUVERULEIKI

Það umhverfi sem skipulagðir brotahópar starfa í hefur tekið stórfelldum breytingum síðastliðin ár. Tækniframfarir, aukin alþjóðleg tengsl og greiðari för fólks, fjármagns og vöru yfir landamæri, hafa leitt til þess að brotastarfsemi er orðin alþjóðlegt net sem nýtir í auknum mæli veikleika ólíkra ríkja og kerfa. Skipulagðir brotahópar búa yfir mikilli aðlögunarhæfni og hafa þessar hröðu samfélagsbreytingar boðið upp á nýja möguleika og leitt til fjölbreyttari brotastarfsemi. Brotahópar leita þangað sem tækifæri eru til staðar. Þau geta verið í formi tengslanets á viðkomandi stað, þar sem veikleikar eru í eftirliti eða lagalegri umgjörð eða þar sem hátt verð fæst fyrir vörur þeirra og þjónustu.

Ísland hefur ekki farið varhluta af þessari þróun og afbrotalandslagið hér á landi færir sífellt nær því sem nágrannalönd og önnur Evrópuríki glíma við. Síðustu árin hefur þróunin verið sérstaklega hröð á Íslandi og sjá má hvernig aðferðafræði brotahópa í nágrannalöndum færir hratt yfir á íslenskt samfélag. Þróunin hefur leitt til þess að yfirvöld hafa þurft að aðlagast sig að breyttum löggæsluveruleika sem býður upp á fjölmargar áskoranir og krefst um leið samstilltrar nálgunar í baráttunni við skipulagða brotastarfsemi.

LANDAMÆRI

Landfræðileg einangrun Íslands hefur lengi haft fælingarmátt fyrir starfsemi skipulagðra brotahópa en það hefur breyst í síðari tíð. Í dag starfa langflestir skipulagðir brotahópar þvert á landa-

mæri og flytja ólöglegan varning, hvort sem það eru fíkniefni, þýfi, vopn eða fjármagn, milli landa. Landamærin spila því stórt hlutverk í afbrotakeðju brotahópa hér á landi.

Aukið framboð flugferða, fjölgun áfangastaða og lægri fargjöld hafa gert landið aðgengilegra. Þar gegnir Keflavíkurflugvöllur lykilhlutverki, en um hann fara u.þ.b. 95% allra farþega til og frá landinu. Flugvöllurinn er því jafnframt mikilvægur vettvangur í baráttunni gegn skipulagðri brotastarfsemi. Um hann ferðast brotamenn í ólög-mætum tilgangi, oft á grundvelli falsaðra gagna, sem og þolendur brotahópa. Þá má einnig nefna að stærstur hluti mála um innflutning fíkniefna á upptök sín á flugvöllum.

„Aðferðafræði brotahópa í nágrannalöndum færir hratt yfir á íslenskt samfélag.“

Hafnir eru einnig mikilvægar í þessu samhengi. Talið er að stórt hlutfall allra fíkniefna í heiminum sé flutt með skipum. Þá er talið að um 80-90% kókaíns sé smyglað sjóleiðina² og má rekja aukningu í framboði þess í Evrópu til sístækkandi sendinga.³ Brotahópar hafa náð fótfestu í mörgum evrópskum höfnum, þar sem spilling gegnir lykilhlutverki, bæði í skipum og á höfnum.

Eftirlit með skipaflutningum er mikil áskorun, einkum vegna þess hve umfang vöruflutninganna er gífurlegt og fer vaxandi, en einnig er umhverfið flókið þar sem margir rekstraraðilar koma að flutningum. Aðeins um 2% gáma eru skoðaðir í Evrópu.⁴ Með auknu eftirliti í stærstu höfnum álfunnar, s.s. Rotterdam, Hamborg og Antwerpen, hefur flutningur á kókaíni fæst í auknum mæli yfir í minni hafnir, og eru þá oft minni skútur og fiskibátar nýttir.⁵ Mesta magn haldlagninga er þó í flutningaskipum.

Strandlengja Íslands er um 5000 km löng og þar eru 30 landamærahafnir. Þá eru fjölmargar vikur og firðir þar sem minni bátar geta siglt að landi án eftirlits. Gríðarlega mikil skipaumferð er í kringum landið allt árið um kring af bæði stærri og minni bátum. Þessir þættir, ásamt fámenni landsins, skapa verulega áskorun fyrir eftirlit. Hérlandis koma um 1-2 stór fíkniefnamál upp í höfnum landsins á ári hverju. Ekki má telja ólíklegt að um talsvert meira magn sé að ræða en lögreglan hefur upplýsingar um.

FÓLKSFLOTNINGAR

Fólksflutningar milli landa hafa aukist hratt síðustu áratugi og hefur fjölbreytileiki aukist í flestum samfélögum Evrópu. Á Íslandi hefur þessi þróun verið hröð síðustu ár. Hlutfall einstaklinga með erlendan bakgrunn hefur hækkað og eru innflytjendur nú tæplega 20% þjóðarinnar.⁶

Hingað leita m.a. einstaklingar á flóttu undan ofbeldi, ofsóknum og slæmum aðstæðum í heimalandinu en einnig einstaklingar í leit að betri lífskjörum fyrir sig og sína. Hér er oft um að ræða viðkvæma hópa með ólíkan menningarbakgrunn sem standa höllum fæti í nýju samfélagi vegna veikrar efnahags- og/eða félagsstöðu.



Þekkt er að brotahópar hagnýta viðkvæma einstaklinga í brotastarfsemi sinni. Umsækjendur um vernd eru í sérstaklega viðkvæmri stöðu gagnvart hagnýtingu brotahópa, en réttindaleg staða þeirra er veik á meðan á umsóknarferlinu stendur.

„Umsækjendur um vernd eru í sérstaklega viðkvæmri stöðu gagnvart hagnýtingu brotahópa“

Á síðustu 5 árum hafa rúmlega 12 þúsund einstaklingar af 113 þjóðernum sótt um vernd á Íslandi, þar af voru um 140 fylgdarlaus börn á aldrinum 5-17 ára.⁷ Veikleikar geta myndast í hæliskerfinu og félagslega kerfinu þegar mikið álag er og eftirlit og öryggi verið ábótavant. Brotahópar notfæra sér þessa stöðu og beita jafnvel hótunum og kúgunum gagnvart einstaklingum í viðkvæmri stöðu, einkum einstaklingum af sama uppruna og þeir sjálfir. Hérlandis eru dæmi um að brotahópar nálgist umsækjendur um vernd í búsetuúrræðum þeirra á Íslandi til að nýta sér viðkvæma stöðu þeirra. Í þessu tilfalli eru ungmenni, sér í lagi þau sem ferðast hingað fylgdarlaust, berskjölduð fyrir ásælni þeirra.

TÆKNIÞRÓUN

Netið verður sífellt umfangsmeiri vettvangur afbrota. Eftir því sem fleiri þættir samfélagsins hafa orðið netvæddir hefur brotastarfsemin einnig færst yfir á netið. Þá hefur aukið aðgengi að upplýsingum og gögnum á netinu gjörbreytt tækifærum skipulagðra brotahópa. Gögn eru í auknum mæli orðin gjaldmiðill brotahópa á netinu og seld áfram eða notuð til að kúga fé út úr fórnarlömbum.⁸

Auk þess að vera vettvangur afbrota er netið einnig nýtt sem leið til nýrra afbrota og skiptir tilkoma gervigreindar þar lykilmáli. Gervigreind auðveldar brotahópum að fremja flóknari og sérhæfðari svik og árásir. Hafa m.a. komið fram nýir brotamöguleikar í formi djúpfalsana (e. deep-fakes), falsaðra auðkenna og falsaðra (frétta) miðla. Þá auðveldar gervigreindin brotahópum að sérsníða samskipti að fórnarlömbunum og má þannig segja að þeir nýti sér bæði tæknilega veikleika fórnarlamba sem og mannlega veikleika til að brjóta á þeim. Loks geta þeir nýtt hana til að sjálfvirknivæða ýmis brot og þar með aukið umfang brotanna til muna.⁹

Á myrka vefnum (e. dark web) er hægt að eiga í nafnlausum samskiptum á markaðstorgum þar sem seld er ólögleg vara og þjónusta og greitt fyrir hana t.d. með rafmynt (e. crypto-currency).¹⁰ Hérlandis, sem og víða annars staðar, hefur útbreidd notkun á rafmynt einfaldað brotahópum að fela slóð ólöglegra viðskipta. Þá hafa samskipti brotahópa að miklu leyti færst yfir á dulkóðaða miðla og sífellt koma fram nýjungar í dulkóðun gagna sem gerir löggæsluðilum erfiðara að eiga við þau.

ÖRYGGISLANDSLAG

Þekkt er að öfga- og hryðjuverkahópar leita í tengslanet skipulagðra brotahópa við undirbúning hryðjuverka, líkt og árásirnar í París 2015 og Brussel 2016 benda til.¹¹ Fjallað hefur verið um aukna skörun skipulagðrar brotastarfsemi og hryðjuverka (e. crime-terror nexus) og er þá átt við færni beggja hópa til að læra hvor af öðrum, vinna saman að öflun upplýsinga og ólöglegs fjármagns, hafa jafnt aðgengi að vopnum og starfa saman að skipulagningu ofbeldisverka.¹²

Þá hefur sú aukna spenna sem myndast hefur á alþjóðasviðinu, m.a. í kjölfar innrásar í Úkraínu og á Gasa, einnig skapað tækifæri fyrir skipulagða brotahópa. Á Norðurlöndunum eru vísbendingar um að ríki (e. state-actors) hafi nýtt sér brotahópa til að fremja afbrot. Þetta hefur meðal annars sýnt sig í tengslum við sprengjutilræði í Danmörku þar sem tvö ungmenni voru sótt til saka fyrir að varpa handsprengju á sendiráð Ísraels í Kaupmannahöfn.¹³ Að sama skapi voru einstaklingar sóttir til saka í Svíþjóð fyrir vopnabeitingu við ísraelska sendiráðið í Stokkhólmi.¹⁴ Í þessum tilvikum voru samfélagsmiðlar nýttir sem tól af erlendum ríkjum til að nálgast ungmenni, sem eru í tengslaneti skipulagðrar brotastarfsemi, til að framkvæma refsiverðan verknað. Þá eru einnig dæmi um að erlend ríki, eða aðilar hliðhollir þeim, kaupi þjónustur af sérhæfðari brotahópum, s.s. hópum sem sérhæfa sig í netárásum, bæði með skemmdarverkum eða með árásum á samfélagsinnviði. Vísbendingar hafa verið um slíkt hérlandis, m.a. varðandi tölvuárásir í tengslum við leiðtogafund Evrópuráðsins sem haldinn var 2023.¹⁵

Þessi auknu tengsl brotahópa, hryðjuverka og erlendra ríkja, eru helst tilkomin vegna vaxandi spennu í alþjóðmálum og eru allar líkur á því að fylgjast þurfi náið með þessari ógn á næstu misserum.

„Aukin skörun skipulagðrar brotastarfsemi og hryðjuverka vísar í færni beggja hópa til læra hvor af öðrum og samnýta upplýsingar, fjármagn og aðgang að vopnum, ásamt því að starfa saman að skipulagningu ofbeldisverka.“


BROTAHÓPAR Á ÍSLANDI

Talið er að á Íslandi starfi í kringum 20 skipulagðir brotahópar og er það um tvöföldun í fjölda þeirra á síðasta áratug. Fjöldi einstaklinga í hverjum brotahóp er allt frá þremur upp í 20, en fjöldinn segir þó ekki til um þá samfélagslegu ógn sem af þeim stafar og geta fámennir hópar einnig ógnað almannaoýrggi. Skipulagðir brotahópar starfa um allt land. Hér á landi eru bæði erlendir hópar sem tengjast alþjóðlegum brotahópum en einnig íslenskir, þar af einn sem hefur verið talinn á meðal hættulegustu brotahópa Evrópu.¹⁶

Brotahóparnir stunda margskonar brotastarfsemi og má þar nefna; fíkniefnaviðskipti, mansal, vændi, smygl á fólki, netbrot, eignaþjófnað og peningaþvætti. Algengast er að hóparnir stundi fjölþætta brotastarfsemi (e. polycriminality), s.s. bæði sölu á fíkniefnum, vændi og peningaþvætti.

AÐFERÐAFRÆÐI

Hröð þróun hefur verið í skipulagðri brotastarfsemi á undanförunum árum. Tíðni og alvarleiki ofbeldis hefur aukist en jafnframt hefur fagmennska og færni brotahópa orðið meiri. Seigla brotahópa er veruleg, sem sést m.a. í því að þó að meðlimir þeirra fái fangelsisdóm dregur það ekki úr starfseminni, heldur er verkefnunum útdeilt annað. Dæmi um nýlegar aðferðir sem eru nýttar af brotahópum héraðs eru:



Dulkóðuð samskiptaforrit:

Brotamenn og brotahópar nýta flókin og dulkóðuð samskiptaforrit til að skipuleggja afbrot. Forritin hafa eiginleika sem draga úr rekjanleika brotamanna, s.s. sjálfkrafa eyðingu á skilaboðum eftir lestur þeirra, bæði hjá sendanda og móttakanda, og viðurnefni sem leyndu raunverulegum notendum. Brotahópar finna sér sífellt ný dulkóðuð forrit til að eiga samskipti, sem verða tæknilega flóknari eftir því sem fram líður. Á Íslandi hafa gögn úr dulkóðuðum forritum verið afgerandi við rannsókn alvarlegra mála.¹⁷

Afbrot til kaups (e. crime as a service):

Mikið notuð aðferð í skipulagðri brotastarfsemi í dag er afbrot til kaups. Er þá átt við brotamenn og brotahópa sem selja ólöglega sérfræðipjónustu vegna sérhæfingar sinnar og á það við um ýmsa brotaflokkka í skipulagðri brotastarfsemi, t.d. í tengslum við netárásir og peningaþvætti. Ofbeldi fellur þó ekki innan þessarar skilgreiningar.

Sumarið 2025 var fjórum einstaklingum frávísað á landamærum sem tilheyrðu erlendum brotahópi sem sérhæfir sig í „ofbeldi til kaups“ og býður fram þjónustu sína í að framkvæma alvarlegan ofbeldisverknað gegn greiðslu.



Ofbeldi til kaups (e. violence as a service):

Innan skipulagðrar brotastarfsemi eru hópar sem leita til einstaklinga til að framkvæma ofbeldisverk gegn greiðslu. Þetta geta verið einstaklingar sem þeir finna í gegnum persónuleg tengsl eða samfélagsmiðla. Þessi aðferðafræði hefur áður einkum tengst handrukkunum þar sem verið er að innheimta skuldir, en sést nú einnig í öðru formi. Sem dæmi telst íkveikja í bíl lögreglumanns árið 2023 til þessarar skilgreiningar, þar sem sakborningar þáðu greiðslu fyrir ofbeldisverknað. Öðrum lögreglumanni var einnig hótað á heimili sínu af fjórum ungum einstaklingum vopnuðum hnífum og er það talið tengjast ofbeldi til kaups. Þessi aðferðafræði auðveldar brotahópum að fjarlægja sig frá refsiverðum verknaði og þannig lágmarka þeir áhættu sína á rannsókn og saksókn mála.¹⁸

Hagnýting á viðkvæmum einstaklingum:

Brotahópar nýta sér viðkvæma einstaklinga í eigin þágu, oft með hótunum, þvingunum og ofbeldi. Hérlandis eru tilfelli þar sem umsækjendur um alþjóðlega vernd verða fyrir alvarlegri misbeitingu af hálfu brotahópa, bæði hvað varðar vinnumansal en einnig vændi. Þá eru nýleg dæmi þar sem ungmennti eru hagnýtt við innflutning fíkniefna, en einnig í öðrum brotum, t.d. alvarlegum líkamsárásum. Mikilvægt er að taka fram að þrátt fyrir að einstaklingar geti tekið þátt í slíkum brotum og aðstæður virðist vera með samþykki beggja, hafa þeir oft einnig stöðu þolenda. Þannig geta afbrot og ofbeldi til kaups sem og hagnýting viðkvæmra einstaklinga skarast í sama brotinu.

Tvær ungar stúlkur voru ákærðar fyrir innflutning á 20 þúsund fölsuðum oxycontin töflum til landsins, sem innihéldu m.a. nitazene, vorið 2025. Önnur stúlnanna var undir lögaldri og má því flokka málið undir hagnýtingu viðkvæmra einstaklinga.

Alþjóðlegar tengingar:

Á Íslandi eru flestir brotahópar með erlendar tengingar. Algengt er að brotahópunum sé stýrt erlendis frá, ýmist af íslenskum eða erlendum aðilum. Þannig myndast beinar tengingar við alþjóðlega markaði, þ. á m. tengslanet brotamanna, þróaðri aðferðafræði og aðgangur að ódýrari efnum sem eru síðan seld á Íslandi á hærra verði en annars staðar í Evrópu. Hérlandis tengjast brotasamtök á borð við mótórhjólasamtökin Vítisengla (Hells Angels), Bandidos og Outlaws helst við aðra systurklúbba á Norðurlöndum, þó að tengingar séu einnig við fleiri Evrópulönd. Innlendir og erlendir brotahópar sem starfa á Íslandi hafa tengsl við Suður-Ameríku, Evrópu, Miðausturlönd sem og Austur-Asíu. Það sem einkennir t.d. innflutning á fíkniefnum, mansal eða smygl á fólki er að lönd innan Evrópu eru viðkomustaðir áður en haldið er til Íslands.

Aukin markaðssetning:

Framboð er mikið af ólöglegum vörum og þjónustu og hefur samkeppni aukist. Þetta leiðir til þess að brotahópar bjóða bæði betri og fjölbreyttari þjónustu og auglýsa hana víðar. Markaðssetning á fíkniefnum og vændi fer fram á samfélagsmiðlum og vefsíðum og er slíkt gefið til kynna með notkun lyndistákna (e. emojis). Brotahópar höfða til neytenda m.a. með því að bjóða upp á heimsendingar á fíkniefnum og vændi, oft samtímis. Þá hefur borið á að Ísland sé markaðssett á samfélagsmiðlum í tengslum við smygl á fólki hingað til lands.

Að lokum má nefna að skipulagðir brotahópar á Norðurlöndunum og innan Evrópu, hafa nýtt sér hið svokallaða gíg-gagkerfi (e. gig economy) í starfsemi sinni, en hugtakið vísar til þess þegar minni verk eru boðin út, oft í gegnum netið eða á samfélagsmiðlum. Þannig bjóða brotahópar út verk, t.d. sölu og flutning fíkniefna, til ótengdra aðila (í sumum tilfellum barna og unglinga) gegn greiðslu.¹⁹ Þó ekki séu sterkar vísbendingar um slík mál hér á landi, má ætla að þau muni aukast í náinni framtíð.



TÍMALÍNA

Stigmögnun hefur átt sér stað í skipulagðri brotastarfsemi á Íslandi undanfarin ár. Með því er m.a. átt við umfangsmeiri og alvarlegri afbrot, aukna fagmennsku brotahópa og grófara og sýnilegra ofbeldi.

**2020**

Dulkóðuð gögn úr EncroChat samskiptaforritinu gefa til kynna umfangsmikla starfsemi brotahópa á Íslandi og alþjóðlegar tengingar.

**2022**

„Saltdreifaramálið“, dreifbýlið nýtt til að fela fíkniefnaframleiðslu.

2020

2021

2022

**2021**

Maður skotin til bana af hálfu brotahóps.

**2022**

Átök milli hópa á opinberu svæði, Bankastræti Club. 25 sakborningar.

**2023**

Skotárás í Úlfarsárdal, tilraun til manndráps.

**2023**

„Timburmálið“, stærsti innflutningur á kókaíni frá upphafi.

**2024**

Einn stærsti innflutningur á kristal-amfetamíni frá upphafi. Finnst í bifreið á leið til landsins.

**2024**

„Sólheimajökulsmálið“, 18 sakborningar. Fyrsta sinn sem refsí-ákvæði fyrir skipulagða brotastarfsemi vegur þýngst við refsingu.

**2025**

Stórfelld fíkniefnaframleiðsla í dreifbýli, fjórum erlendum ríkisborgurum brottvísað úr landi en þeir voru allir án dvalarleyfis.

**2025**

Aldrei fleiri frávísanir á landamærum tengdar einstaklingum í skipulagðri brotastarfsemi.

2023**2024****2025****2026****2023**

Íkveikja í bíl lögreglumanns (ofbeldi til kaups).

**2024**

Eitt stærsta mansalsmál sem komið hefur fram, tugir brotþola í meintu vinnumansali.

**2025**

Hnífstungurárás, átök milli brotahópa í miðbæ Reykjavíkur.

**2025**

Metfjöldi af haldlagningum á kókaíni og kannabis á Keflavíkurflugvelli.

FORMGERÐ

Samkvæmt skýrslu Europol frá árinu 2024 eru nútímabrotahópar í skipulagðri brotastarfsemi mjög fjölbreyttir.²⁰ Brotahópar í skipulagðri brotastarfsemi eru skilgreindir út frá hópamyndun brotamanna og byggjast á ólíkum þáttum s.s. stigveldi, uppruna, tengslum eða menningarkimum (e. subculture). Þegar fjallað er um menningarkima er átt við sameiginlega menningu sem ríkir innan félagahópa þar sem samskipti, hegðun, gildi og viðmið eru frábrugðin tíðarandanum sem tíðkast í samfélagi þar sem félagslegum og lagalegum reglum er fylgt eftir (e. mainstream culture).²¹

Brotahópar á Íslandi hafa margvíslega formgerð, sumir mjög skýra og fastmótaða en aðrir lausari og óformlegri. Skilgreina má hópana í eftirfarandi þrjá flokka:

Skipulagður brotahópur:

Algengasta gerð brotahópa á Íslandi í dag. Formgerðin getur verið:²²

- a) Þar sem meðlimir tengjast innbyrðis, t.d. í gegnum fjölskyldutengsl, uppruna eða vinskap.
- b) Þar sem meðlimir tengjast ekki innbyrðis, en koma saman með ákveðna færni til að framkvæma verk.

Hóparnir eiga allir sameiginlegt að hver og einn meðlimur er með ákveðin verkefni og hlutverk innan brotahópsins. Sveigjanleikinn innan hópsins getur þó verið mikill og auðvelt að leysa einstaklinga af.²³

Skipulögð brotasamtök:

Sjálfskilgreindir hópar með stigveldisbyggða formgerð. Þeir leggja áherslu á hópatengsl sín með merkingum, einkennum og stoltri aðild. Slíkir hópar hafa oft reglur um bæði aðild og þátttöku í afbrotum. Meðlimir geta þurft að greiða mánaðarlegt þátttökugjald eða fylgja öðrum formlegum reglum sem fylgja því að tilheyra alþjóðlegum brotasamtökunum.²⁴ Dæmi um slík samtök erlendis er ítalska mafían og fíkniefnahringir (e. drug cartels) frá mið- og S-Ameríku. Á Íslandi má nefna mótórhjólasamtök í ólöglegri starfsemi, en einnig eru vísbendingar um sífellt fleiri tengsl erlendra samtaka við Ísland.²⁵

Lauslega samsettur brotahópur (gengi):

Hér skilgreindur sem hópur brotamanna sem er áberandi á almannafæri og sjálfsmynd hópsins byggist á þátttöku í refsiverðum verknaði.²⁶ Hér er átt við afbrot sem tengjast sölu og dreifingu fíkniefna, ofbeldi eða öðru refsiverðu athæfi.²⁷

LAGALEGAR SKILGREININGAR

Í almennum hegningarlögum má finna ákvæði um skipulagða brotastarfsemi, en er þar notast við hugtakið „skipulögð brotasamtök“. Eins og fjallað var um í kaflanum hér að ofan nær hugtakið um skipulögð brotasamtök aðeins til minnihluta þeirra hópa sem starfa í skipulagðri brotastarfsemi. Æskilegt væri að samræma hugtakanotkun. Ákvæðið má finna í 175 gr. a. 2 mgr.:

„Með skipulögðum brotasamtökum er átt við félagsskap þriggja eða fleiri manna sem hefur það að meginmarkmiði, beint eða óbeint í ávinnings-skygni, að fremja með skipulegum hætti refsiverðan verknað sem varðar að minnsta kosti 4 ára fangelsi, eða þegar verulegur þáttur í starfseminni felst í því að fremja slíkan verknað.“

Lagaákvæðið var sett inn í almenn hegningarlög árið 2009. Ekki hefur oft reynt á ákvæðið í dómaframkvæmd og hefur aðeins tvisvar verið sakfelld fyrir brot gegn því.²⁸ Sem dæmi má nefna að í svokölluðu Hvalfjarðargangamáli frá árinu 2020 voru aðilar sakfelldir í héraðsdómi fyrir framleiðslu fíkniefna og þátttöku í skipulagðri brotastarfsemi.²⁹ Landsréttur sneri þó dómnum við og sýknaði fyrir þátttöku í skipulagðri brotastarfsemi, þrátt fyrir að hafa litið á brotin sem þaulskipulögð og metið að um samverknað væri að ræða. Dómurinn rökstuddi það með þeim hætti að félagsskapur ákærðu væri frekar tilviljunarkenndur og ekki sannað að um meðvitað samstarf væri að ræða. Skilyrðið um að samstarfið sé meðvitað er því lykilatriði við túlkun ákvæðisins. Líkt og fram hefur komið virðist samstarf skipulagðra brotahópa oft tilviljunarkennt þó um meðvitað samstarf sé að ræða. Brotahópar ganga mjög langt í því að fela hlutverk sín og tengsl, því er sönnunarbyrði þung.

Mikilvægt er að benda á að fá tilvik sakfellinga eru ekki í samræmi við umfang skipulagðrar brotastarfsemi í íslensku samfélagi. Þetta vekur upp spurningar um hvort útvíkka þurfi núverandi skilyrði ákvæðisins með tilliti til þeirrar þróunar sem hefur átt sér stað síðastliðin ár. Sem dæmi má

benda á að sú skilgreining sem Europol styðst við tekur til margvíslegra brotahópa/samtaka og tekur mið af mismunandi eiginleikum og formgerð brotahópa/samtaka sem starfa í skipulagðri brotastarfsemi.

Sameiginlegur skilningur löggæslu, stjórnvalda, fræðasamfélagsins og almennings á því hvað felst í skilgreiningu skipulagðrar brotastarfsemi, er mikilvægur grunnur að því að auka upplýsingamiðlun bæði innanlands og í alþjóðasamstarfi, tryggja samhæfð vinnubrögð innan lögreglu og móta skýra stefnu innan stjórnsýslunnar í málaflokknum. Í ljósi þess að skipulögð brotastarfsemi, og uppbygging skipulagðra brotahópa, er orðin fjölbreyttari en nokkru sinni fyrr er nauðsynlegt að lagaumhverfið endurspegli þá þróun.



PENINGAÞVÆTTI

Peningaþvætti er aðferðafræði til að leyna refsiverðum uppruna fjármuna

- Peningaþvætti gegnir lykilhlutverk í starfsemi skipulagðra brotahópa.
- Skipulagðir brotahópar beita sífelld flóknari og fagaðri aðferðum til að þvætta hagnað af brotastarfsemi sinni.
- Umfang peningaþvættis er talið hlaupa á milljörðum á Íslandi.

Peningaþvætti¹ er stundað af ólíkum aðilum í samfélaginu, en skipulagðir brotahópar eru meðal helstu gerenda. Peningaþvætti er grundvallarþáttur í starfsemi brotahópa, þar sem það felur í sér að dylja uppruna ólögmæts ávinnings til að hann virðist löglega fenginn. Peningaþvætti er forsenda þess að brotahópar geti hagnýtt ávinning af brotastarfsemi óáreitt. Þar sem skipulögð brotastarfsemi er hagnaðardrífur er þetta ein meginforsenda þess að hún þrífst. Því er algjört lykilatriði í baráttunni við skipulagða brotahópa að svipta þá ávinningnum, m.a. með upptöku ólöglegs fjár, og draga þannig úr hagnaði og hvata til áframhaldandi starfsemi.

FRAMKVÆMD PENINGAÞVÆTTIS

Peningaþvætti felur í sér að dylja uppruna fjárhagslegs ávinnings af ólöglegri starfsemi og má skipta í þrjú stig:



Ólölegum ávinningi er komið fyrir í fjármálakerfinu



Ávinningurinn er fluttur um fjármálakerfið til að leyna uppruna hans



Ávinningurinn er hagnýttur eins og hann hafi verið fenginn löglega

¹ Peningaþvætti er skilgreint í lögum nr. 140/2018.

FRUMBROT

Öll refsiverð brot sem fela í sér fjárhagslegan ávinning eru frumbrot peningaþvættis. Fíkniefnasala er talin langalgengasta og fjárhagslega umfangsmesta frumbrot hjá skipulögðum brotahópum, sbr. mynd 1.ⁱⁱ

AÐFERÐARFRÆÐI

SKIPULAGÐRA BROTAHÓPA

Eftir því sem brotahópar verða umfangsmeiri og skipulagðari nýta þeir flóknari aðferðafræði við peningaþvætti. Í nýlegri skýrslu Europol kemur fram að 86% af hættulegustu skipulögðu brotasamtökum í Evrópu nýta sér lögleg fyrirtæki við brotastarfsemi sína og peningaþvætti.³¹ Þróunin hérlandis endurspeglar m.a. í notkun svokallaðra „leppa“ (e. straw men).ⁱⁱⁱ Þekkt er að einstaklingar í viðkvæmri stöðu séu notaðir sem leppar, og hafa t.d. verið skráðir sem eigendur fyrirtækja, notaðir sem milliliðir í millifærslum, gjaldeyrisviðskiptum eða í tengslum við tilhæfulausa reikninga.³²

Þessi þróun er jafnframt nátengd aðkomu sérfræðinga, m.a. á sviði fjármála og lögfræði, sem aðstoða við peningaþvættið og draga úr líkum á að ólögleg starfsemi komist upp.³³ Vísbendingar liggja fyrir um aukna notkun á peningaþvættisþjónustu (e. professional money laundering eða professional enablers) á alþjóðavísu, og virðist það einnig geta

átt við hér á landi. Nýlega féll dómur í Héraðsdómi Reykjaness þar sem lögmaður var m.a. dæmdur fyrir peningaþvætti, þar sem hann hafði ráðstafað ólögmetum ávinningi fyrir meðákærða. Samkvæmt dómnum taldist þáttur lögmannsins hafa verið nauðsynlegur við fullframningu brotanna.³⁴ Þó málið hafi ekki snúið að skipulagðri brotastarfsemi staðfestir það að slík þjónusta sé til staðar á Íslandi og að sérfræðingar geta gegnt lykilhlutverki í að auðvelda peningaþvætti skipulagðra brotahópa.


AFLEIÐINGAR

Peningaþvætti eykur hvata og getu skipulagðra brotahópa til frekari ólöglegrar starfsemi. Það getur jafnframt brenglað markaði og dregið úr samkeppni, haft áhrif á verðbólgu, minnkað skatttekjur ríkisins og ýtt undir spillingu í opinberri stjórnsýslu.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) áætlað að heildarumfang peningaþvættis nemi 2–5% af vergri landsframleiðslu á heimsvísu, sem jafngildir um 90–230 milljörðum króna á Íslandi árið 2024.³⁵ Áhætta hér á landi er þó talin minni en í mörgum öðrum ríkjum³⁶, og er því líklegt að raunverulegt umfang sé nær lægri mörkum áætlunar AGS. Það endurspeglar m.a. smæð hagkerfisins, takmarkaða stærð fjármálamarkaðar og fá dæmi um stór peningaþvættismál á undanförunum árum.

ⁱⁱ Skv. upplýsingum frá Skrifstofu fjármálagreininga lögreglu (SFL). Yfir 320 tilkynningar bárust SFL um grun um peningaþvætti sem vörðugu aðila með tengsl við skipulagða brotahópa, þar af voru yfir 200 í tengslum við fíkniefni og var andvirði tilkynninganna yfir 800 m.kr.. Þá voru yfir 30 tilkynningar vegna vændis með andvirði um 40 m.kr. og tæplega 20 tilkynningar vegna netbrota með andvirði tæplega 50 m.kr.

ⁱⁱⁱ Leppur er einstaklingur sem notaður er til að fela ólöglegt eða leynilegt athæfi.



Mynd 1

Hlutfallsleg skipting á andvirði tilkynninga til Skrifstofu fjármálagreininga lögreglu í tengslum við skipulagða brotastarfsemi, eftir tegund frumbrots, 2020–2021.

- Fíkniefni/lyf
- Netbrot
- Kynferðisleg hagnýting
- Annað

Helstu aðferðir skipulagðra brotahópa til peningaþvættis eru:³⁷

1. Neysla og lífstíll

Ein algengasta leiðin til að þvætta ólögsmætan ávinning er að nýta hann til reglubundinnar neyslu, t.d. matarkaup og almenna þjónustu. Þá er þekkt að hann er einnig nýttur til að fjármagna dýrari lífstíl, s.s. reglubundnar máltíðir á veitingastöðum og lúxusvörur.

2. Kaup og smygl á gjaldeyri

Ávinningi er breytt í gjaldeyri og smyglað úr landi til neyslu, fjárfestinga eða til að fjármagna áframhaldandi brotastarfsemi. Féð getur skipt um margar hendur á leiðinni til að draga úr rekjanleika. Eðli málsins samkvæmt er þessi aðferðafræði meira notuð af þeim sem hafa erlend tengsl.

3. Fasteignaviðskipti og -framkvæmdir

Brotahópar nýta ýmsar leiðir til að þvætta fé í gegnum fasteignir (sjá textaramma). Talið er að þetta sé ein áhættumesta tegund viðskipta hvað varðar peningaþvætti á Íslandi.

4. Fjárfesting í öðrum verðmætum

Kaup á verðmætum á borð við listaverk, skartgrip og bíla, en með því má geyma eða flytja verðmæti utan hefðbundins fjármálakerfis.

5. Lánagerningar

Brotahópar nota ýmsar leiðir til að þvætta fé í gegnum lán. Meðal annars í tengslum við fasteignaviðskipti (sjá textaramma). Þá eru til dæmi um að brotamenn kaupi svokölluð innheimtuskuldabréf frá innheimtufyrirtækjum. Þannig getur brotamaður sýnt fram á „hreint“ tekjustreymi þegar hann tekur við endurgreiðslu skuldabréfsins. Þá má nefna að upphafleg lánsfjárhæð getur verið töluvert lægri en heildarendurgreiðsla lántaka. Í mörgum tilfellum eru slík skuldabréf tilhæfulaus, þ.e. einungis til að þvætta fé. Í sumum tilfellum hafa komið fram vísbendingar um fjárkúgun eða notkun „leppa“.


6. Sýndareignir

Vísbendingar eru um að brotamenn nýti í auknum mæli sýndareignir við peningaþvætti. Þvættið er þá fyrst og fremst falið í því að sýndareignir eru fluttar á milli einstaklinga. Slíkir flutningar, eða viðskipti, eru nafnlausir, hraðir og án landamæra, sem dregur úr rekjanleika.

DÆMI UM PENINGAÞVÆTTI (PÞ)

Í GEGNUM FASTEIGNAVIÐSKIPTI OG FRAMKVÆMDIR

Keypt er fasteign. Hluti útborgunar er greiddur svart með „óhreinu“ reiðufé (PÞ₁), og er kaupverð því skráð lægra en ella í kaupsamning. Lán er tekið fyrir útistandandi kaupverði og fær þannig lántaki „hreint“ fjármagn í hendurnar. Greitt er af láninu mánaðarlega með „óhreinu“ reiðufé (PÞ₂). Framkvæmdir við fasteignina eru greiddar svart með „óhreinu“ reiðufé (PÞ₃). Að lokum má selja eignina og hægt er að gefa upp hærri söluhagnað en tilefni er til (PÞ₄) og þannig útskýra auknar tekjur.



FÍKNIEFNI

Fíkniefni eru algengasta söluvara skipulagðra brotahópa

- Íslenski fíkniefnamarkaðurinn fylgir þróun þess evrópska, sem einkennist af víðtæku framboði á fjölbreyttu úrvali efna með vaxandi styrk.
- Innflutningur samanstendur einna helst af kókaíni og kannabisefnum.
- Svokölluð nps-efni hafa hrundið af stað nýju skeiði á fíkniefnamörkuðum víða um heim og skapað nýjar áskoranir fyrir yfirvöld.

Skipulagðir brotahópar nýta tækni framfarir og samfélagsbreytingar til að hámarka hagnað og þróa fjölbreytta viðskiptahætti með aukinni skilvirkni í flutningi og sölu. Þetta hefur leitt til fjölbreyttara framboðs fíkniefna sem eru jafnframt að mælast með sífellt meiri styrkleika. Þá hefur einnig orðið aukning í grófu ofbeldi, sérstaklega í tengslum við kókaínmarkaði.³⁸

INNLEND FÍKNIEFNASTARFSEMI

Þróunin sem hefur átt sér stað í Evrópu, og sérstaklega á Norðurlöndum, síðastliðin ár endurspeglar einnig á Íslandi. Svipað mynstur sést á fíkniefnamarkaðnum, einkum í sölu, dreifingu og innflutningsleiðum brotahópa. Þannig eru ný efni fljót að færast yfir á íslenskan markað. Þá er hátt og stöðugt götuverð fíkniefna á Íslandi einnig hvati fyrir brotahópa að stunda ólögleg viðskipti hér á landi.

Brotahópar á Íslandi stunda bæði innlenda framleiðslu og innflutning á fíkniefnum, þó haldlagningagögn undanfarinna ára bendi til að innflutningur sé meiri en innlend framleiðsla. Í hvoru tveggja eru brotahópar að verða færari. Nýlegir dómar benda til þess að undirbúningsvinnan sé vandlega unnin áður en efni eru innflutt og/eða framleiðsla hafin.³⁹ Sveitabæir, sumarbústaðir og geymslur eru oft nýtt sem felustaðir eða aðstaða til vinnslu efnanna og bílar, skútur og stærri skip eru oft nýtt í flutning efnanna. Keyptur er efniviður og annar nauðsynlegur búnaður til vinnslunnar hérlandis.

Innlend framleiðsla hefur aukist verulega undanfarin ár, en hún samanstendur fyrst og fremst af kannabisefnum en einnig amfetamíni og MDMA.⁴⁰ Sérstaklega má nefna að framleiðsla kannabis og amfetamíns hefur meira en tvöfaldast skv. gögnum lögreglu, séu tímabilin 2020-2024 og 2015-2019 borin saman.⁴¹ Þá er ótalið verulegt magn amfetamínþasa sem haldlagt var af lögreglu í saltdreifaramálinu og talið er að hefði orðið að um 117 kg af amfetamíni.⁴² Færst hefur í aukana að framleiðsla fíkniefna fari fram í dreifbýli en brotahópar eiga auðveldara með að dylja starfsemi sína í viðfeðmum og fámennum svæðum.⁴³


Innflutningur efna samanstendur mest af kannabisefnum (fyrst og fremst marijúana) og kókaíni og er það í fullu samræmi við þróun í Evrópu og Noregi.⁴⁴ Aukning hefur verið í haldlögðum innflutningi þessara efna og þá sérstaklega kannabisefna ef síðustu fimm ár eru borin saman við tímabilið 2015-2019, eins og sjá má á mynd 2. Þá má einnig nefna verulegt magn af kókaíni sem var falið í innfluttu timbri árið 2023 á leið á íslenskan markað en haldlagt í Evrópu og skilaði sér því ekki til landsins. Algengt er að kannabisefni séu innflutt frá Kanada og Bandaríkjunum en kókaín kemur frá S-Ameríku með viðkomu í Evrópu, oft á tíðum á Spáni, Belgíu eða í Frakklandi.

Innflutt fíkniefni eru oftast haldlögð á Kefla-víkurflugvelli. Um eða yfir helmingur efnanna finnst í farangri, en veruleg aukning hefur einnig orðið í hrað- eða pakkasendingum, í samræmi við þróun nágrannaríkja.⁴⁵ Kókaín er þó oftast flutt innvortis með svokölluðum burðardýrum, sem algengt er að séu neydd til verksins með ofbeldi, hótunum eða öðrum þvingunum.

Auk ólöglegra fíkniefna er einnig haldlagt magn innfluttra ávana- og fíknilyfja að aukast á tímabilinu samanborið við tímabilið á undan (2015-2019) þegar haldlagt magn var lítið sem ekkert. Vega þar helst ópíóíðarnir oxýkódon og morfín og róandi lyfið alprazolam.

Þegar kemur að innflutningi eru alþjóða-tengingar brotahópanna mikilvægar og notkun dulkóðaðra samskiptaforrita þar sem brotin eru þaulskipulögð og með þátttöku margra aðila, bæði innlands og utan.⁴⁶ Þannig hefur eðli og umfang innflutnings tekið breytingum sem hefur kallað á aukið alþjóðlegt samstarf löggæsluaðila.

Mynd 2
Haldlagt magn innflutnings
kannabisefna og kókaíns.



SÓLHEIMAJÖKULSMÁLIÐ

Innflutningur á rúmlega 2 kg. af kókaíni sem falið var í pottum í skemmtiferðaskipi á leið til Íslands 2024. Auk innflutnings var einnig um að ræða geymslu, pökkun, sölu og dreifingu efnanna og peningaþvætti.

Meðlimir brotahópsins voru á annan tug og tengdust vína- og fjölskylduböndum. Þeir áttu í dulkóðuðum samskiptum á miðlinum Signal og höfðu allir afmörkuð hlutverk í starfseminni.

Málið var það fyrsta þar sem refsíákvæði fyrir skipulagða brotastarfsemi vóg þýngst við refsingu.

NEYSLAN

Samkvæmt niðurstöðum mælinga í fráveituvatni af höfuðborgarsvæðinu árið 2024 er neysla kókaíns og kannabisefna í Reykjavík á pari við neyslu í Stokk-hólmi en ívið minni en í Kaupmannahöfn og Osló, miðað við höfðatölu.⁴⁷ Þá benda mælingarnar til þess að þrátt fyrir verulega aukningu á haldlögðu magni kannabisefna hefur neyslan haldist fremur stöðug og mælist jafnvel lækkandi frá 2022 til 2024. Neysla kókaíns mældist vaxandi fram til 2019, en dróst verulega saman á Covid-tímanum. Niðurstöður mælinga frá 2022 eru sambærilegar og fyrir árið 2019. Styrkur kókaíns hefur þó farið vaxandi í lengri tíma og hefur aldrei verið hærri en nú, en þetta er í samræmi við þróun í löndunum í kringum okkur.⁴⁸

Niðurstöður mælinga á öðrum efnum í fráveituvatni af höfuðborgarsvæðinu benda til fremur stöðugar neyslu yfir tíma. Neysla heróíns er enn lítil sem engin á Íslandi, þrátt fyrir að efnið vegi þungt á evrópskum fíkniefnamörkuðum.⁴⁹ Aftur á móti er markaður hér á landi fyrir aðra ópíóíða, eins og haldlagt magn á oxýkódon og morfíni gefur til kynna. Þetta er varasöm neysla en samkvæmt gögnum Landlæknis má rekja um 40% óhappaeitrana á árunum 2019-2023 til ópíóíða (annarra en heróíns). Mælingar í fráveituvatni sýna hins vegar samdrátt í neyslu ópíóíða milli 2024 og 2025.



NPS EFNI

Nýgeðvirk efni (e. new psychoactive substances, NPS) eru hönnuð til að líkja eftir áhrifum ólöglegra vímuefna, og lyfja á lyfjamarkaði, en með breyttum efnaformúlum til að komast hjá lögum.⁵⁰ Áhrifin geta þó verið sterkari en upprunaefnin og í því felst aukin áhætta fyrir neytendur. NPS efni komu fyrst fram á mörkuðum í kringum 2008 og eru orðin margvísleg að gerð og áhrifum. Í Evrópu-sambandinu er innflutningur NPS efna talinn koma fyrst og fremst frá Kína og Indlandi. Þá eru merki um vaxandi framleiðslu innan Evrópu.⁵¹

Áhyggjur af notkun NPS efna fara vaxandi og stafar það meðal annars af samsetningu efnanna. Komið hafa fram ný NPS efni sem fela í sér blöndu ópíóíða og róandi lyfja, en slík blanda hefur verið tengd við aukna skaðsemi og áhættu á ofskammti.⁵²

Mælingar á NPS efnum í frárennsli hófust árið 2021 hér á landi og hafa mælst ár hvert síðan þá.⁵³ Efni sem hafa helst verið haldlögð hérlandis flokkast til nýmyndaðra benzodíazepína

(t.d. bromazolam) og nýmyndaðra ópíóíða (t.d. nitazene). Þá hafa einnig komið við sögu lögreglu nýmyndaðir kannabínóíðar (oft kallað „spice“) og nýmyndaðir kátínónar.

Lagt var hald á 20.000 töflur á Keflavíkur-flugvelli í mars 2025, sem innihéldu efni úr flokki nitazena. Nitazene eru nýmyndaðir ópíóíðar og líkja eftir áhrifum ópíóíða.⁵⁴ Þessi efni eru talin sérstaklega hættuleg, en í Noregi, Svíþjóð, Bretlandi og víðar í Evrópu eru allt frá tugum til hundruð dauðsfalla sem tengjast þessum efnum á árunum 2023-2025, en þau virðast vera að taka við af fentanýli og heróíni.⁵⁵

Reglulegar mælingar NPS efna í fráveituvatni á höfuðborgarsvæðinu hófust árið 2025. Þó niðurstöður aðeins tveggja mælinga liggi fyrir benda þær til mögulegrar aukningar í neyslu þessara efna. Ljóst er að þörf er á að kanna dreifingu þeirra á Íslandi nánar, og mikilvægt er að vera á varðbergi gagnvart þessari þróun og tryggja að gripið sé til viðeigandi mótvægisáðgerða.

FÍKNIEFNAMARKAÐURINN

Umfang fíkniefnamarkaðarins á Íslandi var metið sem 9-20 ma. kr. árið 2020.⁵⁶ Samfélagslegur kostnaður vegna fíkniefnaneyslu var metinn að lágmarki 28 ma. kr. árið 2022.⁵⁷ Benda báðar mælingar til þess að stærð og áhrif fíkniefnamarkaðarins á Íslandi sé í hlutfallslegu samræmi við markaði í Evrópu.⁵⁸

Þó sveiflur geti verið í neyslu ólíkra fíkniefna er fátt sem bendir til þess að heildarumfang fíkniefnamarkaðarins sé að dragast saman. Þvert á móti er fjölbreytileiki efna að aukast og vísbendingar um að þau séu að verða hættulegri.⁵⁹ Niðurstöður nýlegrar skýrslu Evrópuráðsins gefa til kynna að fíkniefnamarkaðir séu sérstaklega stöðugir og að hvorki ytri áföll (s.s. covid) né lögregluaðgerðir leiði til varanlegra áhrifa á framboð eða eftirspurn.⁶⁰ Í samræmi við þetta virðast haldlagningar lögreglu á stórum sendingum t.d. á amfetamínbasu og kókaini ekki hafa veruleg áhrif á verðlag efnanna á íslenskum markaði, sem gefur til kynna takmörkuð áhrif á markaðinn. Mikilvægt er að huga að fjölbreyttari leiðum til að draga úr skaðlegum áhrifum fíkniefnamarkaðarins.

„Nýgeðvirk lyf (NPS) eru hönnuð til að líkja eftir áhrifum ólöglegra vímugjafa, en komast framhjá lögum um ávana- og fíkniefni.“



MANSAL

Mansal má skilgreina sem skipulagða misneytingu á einstaklingum í gróðaskyni og er um leið gróft brot á grundvallarmannréttindum

- Aukinn efnahagslegur ójöfnuður, stríð, vopnuð átök og náttúruhamfarir geta gert einstaklinga viðkvæma fyrir misneytingu af höndum brotahópa.
- Ísland er nú skilgreint sem áfangastaður mansals, þ.e. staður þangað sem mansals-polendur eru fluttir og þar sem misneyting á sér stað.
- Á Íslandi hefur skráningum lögreglu tengt mansalsmálum fjölgað síðustu ár.

Skipulagðir brotahópar bera ábyrgð á meirihluta mansalsmála í heiminum. Brotahóparnir beita polendur mansals miklu ofbeldi yfir langan tíma og verða konur og börn sérstaklega fyrir slíku ofbeldi.⁶¹ Drifkraftar á bak við mansal eru bæði félagslegir og efnahagslegir. Fátækt, atvinnuleysi, og skortur á tækifærum verða einstaklingum hvatar að því að leita sér nýrra tækifæra, en sömu hvatar gera einstaklinga einnig berskjaldaða fyrir misneytingu af hendi brotamanna og brotahópa.

POLENDUR MANSALSMÁLA

Þrír þættir þurfa að vera til staðar svo mál falli undir skilgreiningu mansals:⁶²

1. Verknaður, s.s. að útvega, flytja, hýsa eða taka á móti einstaklingi.
2. Aðferð, s.s. hótun, ofbeldi, nauðung eða frelsissvipting.
3. Hagnýting, s.s. kynferðisleg misnotkun eða nauðungarvinna.

Rannsókn mansalsmála getur þó verið sérstaklega flókin í ljósi þess að brotahópar nota oft blekkingar til að fá polendur til liðs við sig. Blekkingin leiðir til þess að polendur upplifa sig ekki alltaf sem fórnarlömb. Mansal er því oft dulið og algengt að polendur veigri sér við að eiga í samskiptum við yfirvöld. Þá er algengt að brotahópar nálgist fórnarlömb sín í einu landi og flytji þau svo yfir í annað land þar sem misneytingin fer fram.⁶³ Það leiðir til þess að polendur verða í þeirri stöðu að vera algjörlega upp á brotamenn sína komnir og hafa því takmörkuð tækifæri til þess að leita sér hjálpar. Þrátt fyrir þetta sýna alþjóðleg gögn að flest mansalsmál koma upp vegna þess að polendurnir sjálfir hafa frumkvæði að því að leita til yfirvalda til að komast úr aðstæðunum, fleiri en þau sem rannsökuð eru að frumkvæði lögreglu eða með öðrum hætti.⁶⁴

ÞRÓUN Á ÍSLANDI

Fyrir 2021 náði skilgreining mansals í íslenskum lögum einungis til vændismansals og vinnumansals. Með lagabreytingu árið 2021 var skilgreiningin víkkuð út í takt við alþjóðlega þróun og bætt við flokkunum nauðungarþjónusta, þvinguð afbrot og nauðungarhjórnabönd.⁶⁵

Gögn lögreglu sýna að skráningum á hugsanlegu mansali (þar sem er grunur eða óljós tilkynning um mansal)⁶⁶ hefur fjölgað frá því að lagalega skilgreiningin var útvíkkuð árið 2021, en sérstaklega varð mikil fjölgun á milli áranna 2023 og 2024 (sjá mynd 3). Það bendir til þess að aukin vitundarvakning hafi átt sér stað í samfélaginu og innan lögreglu, einkum í kjölfar umfangsmikils máls sem kom upp árið 2024 þar sem mögulegir þolendur mansals voru fjölmargir.⁶⁶ Þó er það enn svo að afar fá mansalsmál fara í gegnum ákærufarlið sem slík.

Greining á mansalstengdum málum lögreglu á Íslandi bendir enn fremur til þess að stærstur hluti málanna tengist vinnumansali og vændismansali. Þetta er í samræmi við stöðuna á alþjóðavísu.⁶⁷


Þolendur mansals á Íslandi eru nær allir erlendir ríkisborgarar samkvæmt gögnum lögreglu, og koma bæði frá löndum innan og utan EES. Í þessum hópi eru bæði karlar, konur og kynsegin einstaklingar. Á tímabilinu 2019-2024 voru 12 börn, 18 ára og yngri, af fimm mismunandi þjóðernum skráð sem mögulegir þolendur mansals. Í öllum tilvikum voru málin tilkynnt til barnaverndar.

Ísland var áður fyrr einkum skilgreint sem gegnumferðar (e. transit) land fyrir þolendur mansals, þ.e. land sem þolendur voru fluttir í gegn með stuttri viðkomu. Það hefur breyst í takt við þróun brotastarfseminnar hér á landi og sér lögreglan í síauknum mæli vísbindingar um að landið sé orðið áfangastaður fyrir starfsemi brotahópa í tengslum við mansal.⁶⁸

Mynd 3

Mál um mansal og hugsanlegt mansal úr málaskrá lögreglu

■ Hugsanlegt mansal
■ Mansal



VÆNDISMANSAL

Hér á landi starfa alla jafna tugir einstaklinga í vændi, en við skoðun lögreglu á vændisauglýsingum í maí 2025 fundust um 460 auglýsingar. Starfsemin er dreifð um landið og fer oft fram í leiguhúsnæðum s.s. Airbnb. Meirihlutinn eru konur en einnig eru karlmenn og trans einstaklingar í vændi á Íslandi. Talið er að stór hluti þessara einstaklinga geti flokkast sem þolendur vændismansals. Þótt skráð mál lögreglu bendi til þess að meirihluti þolenda mansals á Íslandi séu erlendir ríkisborgarar, gefa aðrar upplýsingar lögreglu til kynna að þolendur í vændismansali séu einnig íslenskar konur.

Vændiskaupendur eru einstaklingar úr öllum stigum samfélagsins. Hér á landi hafa dómstólar unnið eftir þeirri nálgun að halda auðkenni vændiskaupenda leyndu við meðferð mála auk þess sem að dómar um vændiskaup eru ekki birtir opinberlega. Þegar horft er til hefðbundinna sjónarmiða um varnaðaráhrif verður að telja líklegt að þessi leið sé ekki til þess fallin að draga úr umfangi vændis og vinni í raun gegn aðgerðum stjórnvalda í mála-flokknum.

Vændisstarfseminni er ýmist stýrt af skipulögðum hópum erlendis með tengiliði hér á landi sem sjá um skipulagshliðar starfseminnar, af brotahópum með aðsetur hérlandis eða frá „þjónustuverum“ (e. call centers) erlendis frá. Algengt er að einstaklingar í vændi séu látnir flytja með sér fíkniefni til landsins og selja viðskiptavinum sínum. Þessir brotahópar misneyta meðal annars viðkvæma einstaklinga frá S-Ameríku, V-Afríku, Asíu og Evrópu. Aðkoma brotahópa að vændisstarfseminni er umfangsmikil samkvæmt gögnum lögreglu (sjá mynd 4) sem ýtir undir vísbendingar um mansal. Þá er það þekkt aðferð að einstaklingar í vændi séu sendir á milli landa og aðeins látnir stoppa stutt í hverju landi til að takmarka eftirlit löggæsluaðila.

ÚTVEGA SKILRÍKI



BÓKA FLUGMIÐA



TRYGGJA HÚSNÆÐI



AKSTUR Á MILLI STAÐA



AUGLÝSA ÞJÓNUSTU



MÓTTAKA GREIÐSLU

Mynd 4

Dæmi um aðkomu brotahópa að vændismansali

^{iv} Í málaskrá lögreglu skal skrá „mansal“ skv. gr. 227 a. alm. hgl. Þegar grunur er um slíkt. Hins vegar er einnig mögulegt að merkja mál sem „hugsanlegt mansal“. Þannig getur verið að nokkrar óljósar tilkynningar sem tengjast sama vettvangi eða sama aðila verði til þess að farið sé í frekari rannsókn á mansalsþættinum.

VINNUMANSAL

Á Íslandi er vinnumansal talið umfangsmest í byggingariðnaði, veitingageiranum, ýmsum þjónustustörfum og snyrtistofum.⁶⁹ Með vinnumansali er átt við hvers konar vinnu sem fengin er fram með blekkingum, kúgunum eða hótunum óháð samþykki viðkomandi. Bent hefur verið á að einstaklingar sem koma frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðinu (EES) séu í sérstökum áhættuhópi og tengjast oft alvarlegustu misneytingarmálunum. Einstaklingar utan EES eru margir hverjir með dvalarleyfi á grundvelli atvinnu sinnar og því er réttur þeirra til dvalar að miklu leyti í höndum atvinnurekenda. Dæmi eru um að þessir einstaklingar hafi verið beittir hótunum og kúgunum af hendi atvinnurekenda og jafnvel hótað brottvísun. Þannig festast þolendur í óásættanlegum aðstæðum af ótta við atvinnurekendur.⁷⁰

Árið 2024 kom upp eitt stærsta vinnumansalsmálið hér á landi.⁷¹ Var málið umfangsmikið og krafðist samvinnu og aðkomu ólíkra aðila s.s. lögreglu, Vinnumálastofnunar, Bjarkarhlíðar og ASÍ. Þá hefur málið einnig aukið umræðu um þolenda-miðaða nálgun í mansalsmálum, þar sem aðstaða þolenda og úrræði eru í forgrunni við rannsókn mála.

SMYGL Á FÓLKI

Mikilvægt er að gera greinamun á mansali og smygli á fólki þar sem nokkur eðlismunur er á þessum brotaflokkum (sjá textamma). Sá fyrri er skilgreindur sem brot gegn einstaklingnum á meðan sá síðari er brot gegn ríkinu. Í sumum tilfellum má þó sjá hvernig smygl þróast út í mansal þegar einstaklingur þiggur aðstoð brotahópa til að smygla sér yfir landamæri en endar í kjölfarið í skuldaánauð og sem þolandi mansals. Á Íslandi hafa sést dæmi þar sem einstaklingar hafa lent í fjárkúgun af hendi smyglara eftir komu til landsins. Hefur þessum einstaklingum verið gert að stunda ákveðna vinnu til að greiða til baka skuldina sem myndaðist við flutninginn. Einnig eru tilfelli þar sem einstaklingar hafa verið fluttir til landsins gagnert til að stunda afbrot.

Upplýsingar lögreglu sýna að brotahópar sem starfa bæði á Íslandi sem og erlendis bjóða þjónustu sína við að greiða för einstaklinga til landsins og í gegnum umsóknarferli um vernd. Smygl á fólki getur falið í sér ýmsa „þjónustu“ s.s. að útvega fölsuð skilríki, afla farmiða og jafnvel fylgdarmanna og leiðbeina um samskipti við lögreglu og yfirvöld. Brotahópar útvega einstaklingum einnig dvalarleyfi með ólögumætum hætti, oft á grundvelli falsaðra gagna eða með því að útvega leyfi þar sem raunverulegur tilgangur dvalar er ekki í samræmi við það dvalarleyfi sem sótt er um, t.d. á grundvelli

SMYGL Á FÓLKI

- Samþykki fyrir flutningum
- Ferð yfir landamæri
- Þjónustan er söluvaran
- Sambandi smyglara og þess smyglaða líkur á áfangastað


MANSAL

- Samþykki fengið með kúgun/hótun
- Ekki alltaf yfir landamæri, einnig innan lands
- Manneskjan er söluvaran
- Sambandi líkur ekki

málamyndahjúskapar. Fyrir brotahópa getur verið sérlega arðbært að afla dvalarleyfa sem fela í sér frekari rétt til fjölskyldusameiningar, fyrir maka, börn og jafnvel foreldra dvalarleyfishafans, og eru dæmi um það hér á landi að smyglarar rukki háar fjárhæðir fyrir slík „pakkatilboð“. Þá er sá möguleiki fyrir hendi að fólki sé smyglað inn á slíkum aðstandandaleyfum óháð því hvort um raunveruleg fjölskyldutengsl sé að ræða.

Lögregla hefur upplýsingar um að gjald fyrir smygl á fólki hingað til lands sé að jafnaði hærra en gengur og gerist annars staðar í álfunni og getur það bent til umfangs eftirspurnar en einnig til þess hve arðbær tekjulind smyglið er fyrir brotahópa.

Þá hefur lögregla einnig upplýsingar um erlenda aðila sem stofna kennitölur hér á landi og selja þær áfram til einstaklinga í ólöglegri dvöl, en fara sjálfir af landi brott. Slík misnotkun lögregla auðkenna í ólögmætum tilgangi er orðin umfangsmikil í Evrópu. Dæmi er um það að brotahópar kaupi þjónustu evrópskra ríkisborgara, oft fólks í viðkvæmri stöðu, sem sé flutt milli landa og látið skrá sig í öðrum Evrópuríkjum en svo snúið til baka í heimaland skömmu síðar. Auðkennin eru t.d. misnotuð til kerfisbundinna bótasvika í hagnaðarskyni.



NETBROT

Netbrot eru afbrot sem eru framin með tilstuðlan nets eða tölvu, eða beinist að stafrænum þáttum á borð við stafræn gögn eða tölvu

- Alþjóðlegir brotahópar hafa í auknum mæli fært ólöglega starfsemi sína yfir á netið þar sem þeir beina brotum sínum gegn einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum og hagnast þannig um marga milljarða á ári hverju.
- Fjársvik yfir netið hafa aukist verulega og breiðst út á örfáum árum og eru talin muni verða einn helsti brotaflokkur skipulagðra brotahópa innan fárra ára.⁷²
- Á Íslandi var upphæð fjársvika árið 2024 um 1 milljarður skv. upplýsingum frá greiðslumiðlunum.

Netbrot sem stunduð eru af skipulögðum brotahópum eru margvísleg og umfangsmikil. Þau ná yfir margs konar svik, blekkingar, gagnastuld og aðra ólöglega starfsemi sem framin er yfir netið í hagnaðardrífnum tilgangi. Þróun í netbrotum undanfarin ár sýnir hvernig þau verða sífellt sérhæfðari og aðferðarfræðin flóknari.

Í meirihluta netbrota er brotahópurinn staðsettur í öðru landi en brotaþoli. Þannig veitir netið sem brotavettvangur brotahópum lagalega og lögsögulega óvissu sem gerir löggæsluyfirvöldum erfitt fyrir við rannsókn mála og auðveldar þannig ólöglega starfsemi. Á myrka vefnum (e. dark web) hafa brotamenn aðgang að sífellt betri búnaði, s.s. ýmsum skaðlegum hugbúnaði (e. malware) sem auðveldar hvers konar netbrot, svik og árásir.⁷³

„Netið sem brotavettvangur veitir brotahópum lagalega og lögsögulega óvissu sem gerir löggæsluyfirvöldum erfitt fyrir við rannsókn mála“

ÓLÖGLEG STARFSEMI HÝST Á ÍSLANDI

Netbrot á Íslandi eiga sér nokkrar birtingarmyndir og er nokkur eðlismunur á þeim sem tengjast hýsingaraðilum á Íslandi, og hins vegar brotum sem beint er gegn einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum á Íslandi.

Reglulega koma upp mál þar sem ólöglegt efni eða starfsemi er hýst á Íslandi. Þau mál varða ýmsar tegundir skipulagðra brota s.s. fjársvik, peningaþvætti, fíkniefnasölu og kynferðisbrot. Nýlegt mál fjallar um svokallaða „bitcoin þvotta-stöð“ þar sem gífurlegt magn rafmynta frá mörgum ólíkum aðilum var þvættað í þeim tilgangi að hylja slóð fjármagnsins sem stafaði af ólögðum uppruna.⁷⁴ Í þessu máli, eins og stærstum hluta þessara mála er varðar hýsingu á Íslandi, tengjast hvorki brotamenn né þolendur Íslandi á beinan hátt. Þrátt fyrir að töluverður fjöldi slíkra mála komi upp á Íslandi er það mat lögreglu að fjöldi þeirra mála sem tengjast hýsingu ólöglegrar starfsemi á Íslandi sé sambærilegur því sem á sér stað í nágrannalöndum, enda séu málin í eðli sínu landamæralaus og staðsetning hýsingar sjaldnast lykilatriði í brotastarfseminni. Þó má gera ráð fyrir því að framkvæmd eftirlits og lagalegt umhverfi geti skipt máli í því samhengi.

FJÁRSVIK YFIR NETIÐ

Ýmsar aðferðir og margvísleg tækni eru notuð í dag til að fremja fjársvik yfir netið og í allmörgum tilvikum er um skipulagða brotahópa að ræða. Fjársvikin fara m.a. fram með misnotkun á hugbúnaði, misnotkun rafrænna skilríkja, í gegnum bankareikninga, stafræn veski og ýmis smáforrit (öpp) fyrir millifærslur. Þá er algengt að gerendur í fjársvikum útbúi falskar vefsíður, sölusíður og auglýsingar, auk ýmiss konar netvírusa.⁷⁵ Samskiptablekkingu (e. social engineering) er oft beitt við fjársvik yfir netið, en hugtakið vísar til þess þegar sálfræðilegum og tilfinningalegum aðferðum er beitt á brotapolu í því skyni að sækja frá þeim viðkvæmar upplýsingar. Aðferðirnar, og tegund svika, eru þá oft sérstaklega sniðnar að hverju fórnarlambi fyrir sig. Einnig er orðið algengara að bankareikningar þolenda fjársvika séu misnotaðir til að þvætta fjármuni úr öðrum svikum og er þetta dæmi um fjölpætta starfsemi brotahópa.

Fjársvik yfir netið eru skilgreind af lögreglu sem þau fjársvik sem almennt eru framkvæmd yfir netið eða í gegnum annars konar fjarskiptatækni þar sem einstaklingar eru blekkir til að afhenda persónulegar upplýsingar eða millifæra fjármuni eða önnur verðmæti. Lögreglan flokkar fjársvik yfir netið í sex flokka: ástarsvik, símasvik, fjárfestingasvik, greiðslusvik, fölsk fyrirmæli og tölvupóstsvik.



Ástarsvik (e. romance scam)

Brotamaður byggir upp falskt samband á netinu til að öðlast traust og svíkja út fjármuni eða persónulegar upplýsingar. Samskiptin hafa oft varað lengi og mikið traust skapast milli þolanda og brotamanns. Þolendur veigra sér oft við að tilkynna ástarsvik vegna skammar en einnig eru þeir oft lengi að átta sig á brotinu.



Tölvupóstsvik (e. mass mailing/phishing attacks)

Mikill fjöldi falsaðra tölvupósta eða skila-
boða sendur til að stela lykilorðum eða banka-
upplýsingum, dreifa spilliforritum eða stofna
til svikasambands við þolendur.



Símasvik (e. telecom fraud)

Svik í gegnum síma eða skilaboð, oft látin líta út fyrir að vera frá bönkum, lögreglu eða yfirvöldum. Þessi svik verða sífellt umfangsmeiri og fagaðri. Algengara er orðið að beitt sé fölsuðu símanúmeri svo það virðist sem hringt sé úr íslensku númeri (e. spoofing). Þá er ýmist reynt að blekkja fórnarlamb og láta það veita aðgang að tölvu sinni eða samþykkja rafræn skilríki.



Fjárfestingasvik (e. investment fraud)

Þolandi er blekkur í falskar eða áhættusamar fjárfestingar með loforðum um háa ávöxtun. Oft tengjast þau sýndargjaldmiðlum s.s. bitcoin eða öðrum rafmyntum, eða kaupum á hluta-bréfum. Á Íslandi eru dæmi um að einstaklingar hafi tapað tugum milljóna í slíkum svikum.



Greiðslusvik (e. e-commerce fraud)

Þolandinn kaupir eða selur eitthvað á netinu, en varan eða peningarnir eru aldrei afhentir eins og samið var um. Á einnig við um kaup á þjónustu og greiðslu fyrir leiguíbúð eða gistingu.



Fölsk fyrirmæli (e. business email compromise)

Svik þar sem svikararnir hafa komist inn í tölvu-póstsamskipti fyrirtækja. Þeir gefa sig út fyrir að vera t.d. stjórnandi fyrirtækis eða viðskiptaaðili og blekkja starfsfólk fyrirtækja með fölsuðum reikningum og bankaupplýsingum til að milli-færa fjármuni eða veita upplýsingar.

Sterkar vísbendingar eru um að fjársvik yfir netið fari hratt vaxandi hér á landi. Reynsla lögreglu af rannsóknum á fjársvikum yfir netið bendir til þess að þau séu arðbærari fyrir brotahópa en mörg önnur auðgunarbrot. Á árinu 2023 var heildarupphæð fjársvika á Íslandi um 800 milljónir. Á árinu 2024 var upphæðin orðin um eða yfir 1 milljarður. Afar erfitt getur reynst að endurheimta fé sem svikið er á þennan hátt. Árið 2024 var tæplega 40% endurheimt af heildarsvikum, samkvæmt upplýsingum frá greiðslumiðlunum.^v Vert er þó að nefna að í þeim fjársvikamálum yfir netið sem lögregla rannsakar er endurheimt fjármuna oftast mun lægri, eða aðeins um 1% af heildarupphæð.

Enn fremur er ástæða til að ætla að málin séu mun fleiri og svikin þar með umfangsmeiri. Tilraunir til fjársvika yfir netið eru taldar vera vantkynntar en gögn benda til þess að einungis um 9% þeirra sem verða fyrir netbrotum tilkynni til lögreglu.⁷⁶ Ein ástæða fyrir því er að brotapolar veigra sér við að tilkynna ef þeir upplifa skömm yfir því að hafa verið blekkir og tapað fjármunum vegna svika yfir netið. Einnig getur verið að brotapolar sleppi því að tilkynna til lögreglu ef sú upphæð sem einstaklingurinn tapaði var lág. Hafa ber þó í huga að brotahópar kasta oft neti sínu vítt þegar kemur að

fjársvikum og heildarfjárhæðin sem þeir hafa upp úr svikastarfsemi getur verið gríðarhá, þrátt fyrir að tap einstaklingsins sé takmarkað. Hér skiptir máli að allur almenningur sé vel upplýstur um eðli þessara mála til að sporna megi við þeim.

Þrátt fyrir að fjársvik yfir netið eigi sér uppruna erlendis í nánast öllum tilfellum, má sjá að svika-herferðir hér á landi verða sífellt betur aðlagðar að íslensku samfélagi. Sem dæmi um þetta má nefna að árið 2023 var island.is misnotað til að komast inn á heimabanka einstaklinga.⁷⁷ Því má gera ráð fyrir því að svikararnir hafi aðgang að upplýsingum um samfélagshætti og netnotkun Íslendinga. Einnig hefur tilkoma gervigreindar og stórra tungumálalíkana (e. large language models) auðveldað brotahópum að skrifa á íslensku og eiga í samskiptum við Íslendinga í blekkingarskyni. Þá er það reynsla lögreglu að þessir brotahópar séu fljótir að bregðast við auknum ráðstöfunum yfirvalda gegn netsvikum og aðlaga þá aðferðir sínar hratt.

UNDIRBÚNINGUR FJÁRSVIKA

Fölsk fyrirmæli eru ein tegund fjársvika yfir netið. Um er að ræða vel undirbúin netsvik þar sem svikararnir hafa oft hakkað sig inn í tölvupóst-samskipti og undirbúa svikin jafnvel mánuðum saman þar sem þeir fylgjast með samskiptum. Þeir láta svo til skarar skríða þegar von er á háum milli-færslum milli landa og skipta þá út bankaupplýsingum.

^v Gögn frá greiðslumiðlunum, safnað af Seðlabankanum. Lögregla hefur ekki samsvarandi gögn fyrir heildarupphæðir fjársvika sem tilkynnt eru til lögreglu.

NETÁRÁSIR

Þeim aðilum sem stunda netárásir á fyrirtæki, stofnanir og aðra innviði má skipta í þrjá hópa; einyrkja/„hacktivista“, skipulagða hópa og loks þróaða ógnarhópa.⁷⁸

Einyrkjar / „hacktivistar“

- Misgóð þekking
- Takmörkuð geta
- Lítið fjármagn

Skipulagðir hópar

- Þekking á upplýsingatækni
- Takmarkað fjármagn

Þróaðir ógnarhópar

- Mikil þekking á upplýsingatækni og gervigreind
- Vel fjármagnaðir

Þróaðir ógnarhópar (e. advanced persistent threat groups) stunda m.a. stórtæka gagnastuldi og vinna með skipulögðum brotahópum.⁷⁹ Eins og Europol hefur bent á eru gögn orðin gjaldmiðill brotahópa í dag, og starfandi eru nethópar sem hafa það verkefni að stela gögnum og selja þau áfram eða kúga fé úr fórnarlömbum sem verða fyrir gagnastuldi. Gögn geta verið tekin í gíslingu, þau dulkóðuð og/eða hótað að birta þau. Þessir hópar vakta kerfi í leit að veikleikum og nýta sér þá þar sem tækifæri býðst.⁸⁰

Á Íslandi hefur sérstaklega orðið vart við netárásir á opinberar stofnanir og fyrirtæki í framleiðslu og iðnaði, þó fjölmargar aðrar tegundir stofnana hafi orðið fyrir netárásum,⁸¹ t.d. urðu háskóli, fjölmiðill og upplýsingafyrirtæki fyrir alvarlegum árásum og gagnatöku árið 2024.⁸² Þá er þekkt að hættulegir ógnarhópar á borð við hópinn „Salt Typhoon“, hafi athafnað sig í íslensku netumdæmi.⁸³



SKIPULAGÐUR EIGNAÞJÓFNAÐUR

Skipulagður eignaþjófnaður vísar í innbrot og þjófnaði hreyfanlegra skipulagðra brotahópa (e. mobile organised crime groups) sem starfa þvert á landamæri

- Europol varar við skipulögðum brotahópum í eignaþjófnaði sem ferðast milli landa og stunda umfangsmikinn þjófnað með fjölbreyttum aðferðum.
- Vegna þess hve dreifð afbrotin eru reynist rannsókn málanna oft flókin, þar sem erfitt er að ná utan um alla þræði skipulagningarinnar.
- Vísbendingar eru um aukningu í skipulögðum eignaþjófnaði á Íslandi á síðustu tveimur árum.

Undir málaflokk skipulagðs eignaþjófnaðar fellur einkum þjófnaður í verslunum og híbýlum, bílaþjófnaður og vasabjófnaður. Vandasamt getur verið að meta hvenær eignaþjófnaður er skipulagður samkvæmt skilgreiningunni um skipulagða brotastarfsemi. Bæði er það vegna þess að brotin eiga sér oft stað í mörgum umdæmum eða löndum og krefjast því ítarlegri rannsóknar þvert á stofnanir og landamæri. Auk þess stoppa brotahóparnir oft stutt á hverjum stað og fara úr landi fljótlega eftir, eða jafnvel áður, en upp kemst um verknaðinn.

Umfang skipulags eignaþjófnaðar er mikið og tap á verðmætum talið verulegt. Sem dæmi má nefna að í Hollandi er talið að skipulagður eignaþjófnaður velti 36 milljörðum á ári.⁸⁴ Ekki síst hefur óöryggið sem þjófahópar skapa í samfélaginu áhrif á samfélagsmyndina og traust fólks hvors til annars.

ÞRÓUN MÁLA Á ÍSLANDI

Á Íslandi hefur orðið aukning í brotum sem talin eru tengjast skipulögðum eignabjófnaði og er það í takt við þróun í öðrum Evrópulöndum. Brotahópar koma þá gagnert til landsins í þeim tilgangi að stunda eignabjófnað. Algengt er að hóparnir dvelji á landinu í aðeins nokkra daga, stundi ýmiss konar bjófnað t.d. í verslunum, hóbýlum og byggingar-svæðum og yfirgefi svo landið aftur. Dæmi eru um einstaklinga og hópa sem koma ítrekað til landsins í sömu erindagjörðum, og einnig um einstaklinga sem hafa hlotið dóma fyrir eignabjófnað í mörgum evrópskum löndum. Hóparnir virðast að jafnaði einskorða sig við eignabjófnað.

Við rannsókn mála sést að brotahóparnir samanstanda oftast af einstaklingum frá sömu upprunalöndum. Þetta er í samræmi við upplýsingar frá Europol sem skilgreinir flesta þá skipulögðu brotahópa sem stunda eignabjófnað sem hópa með sterk ættar- eða fjölskyldutengsl.⁸⁵

Algengt er að brotahóparnir séu með tengiliði eða skipuleggjendur (e. facilitators) í móttökulandi sem greiði götu þeirra og sjái um praktísk mál s.s. að leigja bíla, útvega húsnæði eða afla skilríkja.⁸⁶ Við rannsókn mála hafa einnig verið vísbendingar um það að aðilar búsettir hér á landi fái gagnert til sín hópa að utan til að stunda afbrot.

Líklegt er að hluti þýfisins sé seldur á svörtum markaði innanlands en lögreglan telur þó að stór hluti þess sé fluttur úr landi. Því til stuðnings má nefna að vörur sem stolið var á Íslandi hafa komið fram við tollskoðun erlendis og einnig birtst á erlendum uppboðs- og sölusíðum.

Lögreglan greinir aukið umfang í skipulögðum eignabjófnaði hérlandis, en straumhvörf urðu þegar svokallað ELKO-mál kom upp, sem var eitt umfangsmesta mál brotaflokksins hingað til (sjá textaramma).

ELKO MÁLIÐ

Stórfellt rán á raftækjum og fé átti sér stað 22. september 2024 í Reykjavík. Þjófahópur rændi tvær ELKO búðir á höfuðborgarsvæðinu og hafði á brott með sér mikið magn farsíma og fjármagns. Andvirði þýfisins var talið um 100 milljónir. Talið er að hluti þjófanna hafi einnig tekið þátt í fleiri þjófnumum hérlandis.

Þremur dögum eftir ránið, þann 25. september, voru tveir menn stöðvaðir í Norrænu á leið úr landi. Í farangri þeirra voru 129 farsímar, 1 milljón króna og um 5000 Evrir. Mennirnir fengu 10 mánaða dóm hvor um sig. Talið er að aðeins hluti þýfisins hafi endurheimts.

Málið var afar umfangsmikið og tengdist bæði aðilum búsettum hér á landi sem og aðilum búsettum erlendis.

TEGUNDIR MÁLA

Þjófnaður í verslunum

Meira er orðið um stórtækari þjófnaði í verslunum. Lögreglan hefur upplýsingar um dæmi þar sem erlendir brotahópar „panta“ ákveðnar vöru frá brotahópum hérlendis. Algengt er að dýrari og minni raftækjum, s.s. sínum sé stolið, sem og úrum og skartgripum. Í matvöruverslunum er algengt að dýrari matvöru s.s. kjöti sé stolið.

Kortabjófnaður (e. shoulder surfing)

Reglulega koma upp mál þar sem eru grunsemdir um að hópur erlendra brotamanna fylgist með eldra fólki nota greiðslukort sitt í verslunum. Þannig komast brotamenn yfir lykilorðið á greiðslukorti viðkomandi. Í kjölfarið er veski þolandans stolið og þjófarnir fara í hraðbanka og taka út eins mikið fé og hægt er á sem skemmstum tíma. Tjónið hleypur oft á hundruð þúsunda króna.

Vasabjófnaður

Aukning hefur verið á vasabjófnaði síðustu misseri, sérstaklega í grennd við vinsæla ferðamannastaði þar sem gjarnan er fjölmennt. Talið er að mikill hluti þessara mála sé ekki tilkynntur.

Þjófnaður á atvinnutækjum

Reglulega verður vart við þjófnað á hvarfakútum úr bifreiðum, vegna þeirra verðmætu málma sem í kútunum eru, en skipulagður þjófnaður á hvarfakútum hefur verið þekkt vandamál í Evrópu um árabil.⁸⁷ Árið 2013 var lagt hald á um 160 kg af hlutum úr hvarfakútum í Norrænu á leið úr landi.⁸⁸ Þá er einnig algengt að GPS-tækjum úr vinnuvélum sé stolið. Einnig er reglulega tilkynnt um þjófnað á verkfærum af vinnusvæðum sem og þjófnaði á málum s.s. kopar.

Bifreiðar

Bifreiðabjófnaður er ekki sérstaklega algengur hér á landi, enda talsvert erfiðara að koma bifreiðum úr landi en á meginlandi Evrópu, þar sem slíkum þjófnaður er mjög fyrirferðarmikill. Á Íslandi voru þó 30 ökutæki skráð týnd árið 2024, en ekki er vitað hvort þeim hafi verið komið úr landi eða þau seld í partasölum.

AÐGERÐIR GEGN SKIPULAGÐRI BROTASTARFSEMI

Markviss skref hafa verið tekin í átt að því að auka viðnámsþol íslensks samfélags gagnvart skipulagðri brotastarfsemi.

Stýrihópur um skipulagða brotastarfsemi hefur verið starfandi í núverandi mynd frá 2023 og er markmið hans að tryggja samræmingu og samhæfingu lögreglu á landsvísi til að sporna gegn skipulagðri brotastarfsemi og efla upplýsingaflæði milli lögregluembættanna.^{vi} Hlutverk stýrihópsins er að móta stefnu á landsvísi vegna skipulagðrar brotastarfsemi, tryggja heildaryfirsýn innan málaflokksins og forgangsraða og stuðla að framvindu verkefna. Mikilvægt skref í þessari vinnu var tekið þegar lög um auknar heimildir lögreglu til samstarfs og miðlunar upplýsinga í afbrotavarnaskyni voru samþykkt.⁸⁹

Þá er starfandi stýrihópur um varnir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, en hann er samráðsvettvangur allra stjórnvalda sem koma að málaflökknum. Hlutverk samráðsvettvangsins er m.a. að annast stefnumótun, stuðla að samræmdu eftirliti, og samræma aðgerðir til að draga úr áhættu.⁹⁰

Nýlega var stofnaður samráðsvettvangur um afbrotavarnir opinberra stofnana gegn skipulagðri brotastarfsemi. Markmiðið hans er að efla mótstöðu samfélagsins gegn slíkum brotum og draga úr þeim veikleikum sem brotasamtök kunna að nýta sér. Að auki tekur lögregla þátt

í margvíslegu innlendu samstarfi sem stuðla á að aukinni samræmingu og eflingu í aðgerðum og eftirliti. Nefna má sérstaklega samstarf lögreglu og tollgæslu sem hefur verið aukið til muna og eftl aðgerðir löggæsluaðila í flóknari verkefnum.

Ísland er þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi sem hefur það að markmiði að vinna gegn skipulagðri brotastarfsemi. Aðild að Europol hefur skipt sköpum í baráttunni hérlandis þar sem mál um skipulagða brotastarfsemi eru í eðli sínu nánast alltaf með alþjóðlegar tengingar og lykilatriði er að bregðast hratt við í þéttri samvinnu við samstarfslönd. Þá er Ísland aðili að GRECO, ríkjahópi gegn spillingu innan Evrópuráðsins, samningi Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum og Sáttmála Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu. Loks má nefna aðild Íslands að FATF (e. Financial Action Task Force), en í gegnum aðildina tekur Ísland þátt í alþjóðlegu samstarfi um varnir gegn peningabætti, fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu gereyðingarvopna.

^{vi} Aðild að stýrihópnum hafa fulltrúar héraðssaksóknara, ríkislögreglustjóra, lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, lögreglustjórans á Suðurnesjum, lögreglustjórans á Suðurlandi, lögreglustjórans á Norðurlandi eystra og að jafnaði tengslafulltrúar Íslands hjá Europol og Eurojust.

NÆSTU SKREF

Sá breytti löggæsluveruleiki sem lögreglan og önnur yfirvöld glíma nú við hefur bein áhrif á samfélagsmyndina, upplifun og öryggi landsmanna. Ofbeldi er eitt sýnilegasta einkenni ógnarlandslagsins sem fylgir skipulögðum brotahópum á Íslandi og hefur alvarleiki þess aukist. Enn umfangsmeiri brotastarfsemi á sér þó stað hulin augum almennings og er hún oft falin í bland við löglega gjörninga.

Þegar rýnt er í þá helstu brotaflokkar sem tengjast skipulagðri brotastarfsemi má sjá stigmögnun víðast hvar. Aukning hefur orðið í fjölbreytni og styrkleika fíkniefna. Vísbendingum um mansal hefur fjölgað umtalsvert um leið og ljóst er að Ísland er orðið áfangastaður fyrir hagnýtingu. Tíðni og umfang fjársvika yfir netið fara ört vaxandi. Skipulagður eignaþjófnaður verður sífellt meira áberandi um allt land. Undirliggjandi allri brotastarfseminni er peningaþvætti sem þrífst á sérfræðikunnáttu og veikleikum í kerfinu. Peningaþvætti tengir brotastarfsemina við löglega starfsemi í atvinnulífinu og knýr um leið áfram hringrás skipulagðra brota.

Lögreglan býr yfir öflugri rannsóknar- og greiningargetu og síðustu ár hefur frumkvæðisverkefnum í tengslum við skipulagða brotastarfsemi fjölgað. Hins vegar hefur málaflokkurinn stækkað hratt. Greining gagna og rannsókn mála er umfangsmikil og tímafrek. Málin geta teygst sig víða; inn í fyrirtæki, yfir mörg lögregluembætti og oft til ólíkra landa. Þá er fjármálalið brotanna að verða sífellt flóknari og yfirgrípsmeiri. Í ljósi þess er þörf á að forgangsraða verkefnum svo mannaflí lögreglu nýtist sem best. Brýnt er að forgangsroðunin byggji á áhættumiðaðri nálgun

og skaðsemi brotahópa, sem samræmist innleiðingu upplýsingamiðaðrar löggæslu (e. intelligence led policing).

Tækniþróun er hröð og slóð netbrota kólnar hratt. Brotahópar starfa og skipuleggja refsiverðan verknað í skjóli dulkóðaðra samskiptaforrita sem verða æ flóknari og erfiðari að greina. Brotahópar nýta sér gervigreind til að efla brotastarfsemina og fela slóð sína í flóknum rafmyntaviðskiptum. Mikilvægt er að lögreglan hafi getu til að sinna þeirri aukningu sem orðið hefur í brotaflokknum ásamt því að halda uppi markvissu eftirliti á netinu, á myrka vefnum og dulkóðuðum forritum. Fjárfesting í tækni er því ekki nauðsyn heldur krafa í nútímalöggæslu þar sem fylgja þarf eftir hraðri þróun.

Eins og fram hefur komið er peningaþvætti forsenda þess að brotahópar geti hagnýtt ávinning af brotastarfsemi óáreittir. Þar sem skipulögð brotastarfsemi er hagnaðardrífur er þetta ein meginforsenda þess að hún þrífst. Því er algjört lykilatriði í baráttunni við skipulagða brotahópa að svipta þá ávinningnum, m.a. með upptöku ólöglegs fjár, og draga þannig úr hagnaði og hvata til áframhaldandi starfsemi. Haldlagning, kyrrsetning og upptaka fjárhagslegs ágóða af skipulögðum brotum hefur afbrotavarnaráhrif og fælingarmátt. Fyrir þolendur skipulagðrar brotastarfsemi getur upptaka fjárhagslegs ávinnings brotahópanna einnig verið réttlætismál, sérstaklega þegar erfitt reynist að sanna aðra þætti brotanna fyrir dómi.



LOKAORÐ

Skipulögð brotastarfsemi hefur í för með sér gífurlegan samfélagslegan kostnað. Hún brenglar samkeppni með því að undirbjóða löglega starfsemi og veldur auknu álagi á réttarvörslukerfið, þar á meðal fangelsin. Opinber kerfi verða í auknum mæli útsett fyrir spillingu og kerfisbundinni misnotkun af hálfu brotahópa. Jafnframt dregur hún úr almennu trausti og öryggistilfinningu borgaranna. Fjöldi polenda eykst og þeir verða fyrir meiri skaða sem kallar á viðeigandi úrræði og stuðning. Þá er ekki síður alvarlegt að börn og ungmenni eru dregin inn í afbrot og skipulagða brotastarfsemi, sem ógnar framtíðarhorfum þeirra og samfélagsins í heild.

Baráttan við skipulagða brotastarfsemi krefst samfélagslegrar nálgunar þar sem afbrotavarnir eru í fyrirrúmi og öflugt samstarf löggæsluaðila við opinberar stofnanir, fyrirtæki og almenning tryggir samhenta mótstöðu. Þá kallar þróunin sem hér hefur verið lýst einnig á að hugað verði að fjölbreyttari leiðum til að draga úr skaðlegum áhrifum skipulagðrar brotastarfsemi.

TILVÍSANIR

- 1 Europol (2025). *The changing DNA of serious and organised crime* (EU-SOCTA). [Hlekkur.](#)
- 2 UNODC (2025). *World drug report 2025: Special points of interest*. [Hlekkur.](#)
- 3 EMCDDA og Europol (2024). *EU drug market analysis 2024*. [Hlekkur.](#)
- 4 Europol (2023). *Criminal networks in EU ports. Risks and challenges for law enforcement*. [Hlekkur.](#)
- 5 Sama heimild.
- 6 Hagstofa Íslands (2025). *Mannfjöldi eftir bakgrunni 1. janúar 2024*. [Hlekkur.](#)
- 7 Málaskrákerfi lögreglu.
- 8 Europol (2025). IOCTA 2025. *Steal, deal and repeat: How cybercriminals trade and exploit your data*. [Hlekkur.](#)
- 9 Sama heimild.
- 10 Kabra og Gori (2023). Drug trafficking on crypto markets. *Journal of Economic Criminology* 2 (2023).
- 11 Basra, R., & Neumann, P. R. (2016). Criminal Pasts, Terrorist Futures: European Jihadists and the New Crime-Terror Nexus. *Perspectives on Terrorism*, 10(6), 25–40.
- 12 Sama heimild.
- 13 Kjartan Kjartansson (2024, 18. október). Telja árásir sænskra unglunga runnar undan rifjum Írana. *Vísir.is*. [Hlekkur.](#)
- 14 Sjá t.d. hér: BBC (2024, 3. október). [Hlekkur.](#)
- 15 CERT-IS (2023). *Ársskýrsla 2023*. [Hlekkur.](#)
- 16 Europol (2024). *Decoding the EU's most threatening criminal networks*. [Hlekkur.](#)
- 17 Sjá t.d. umfjöllun um „saltdreifaramálið“: [hlekkur.](#)
- 18 Sjá t.d. hér: Europol (2025). [Hlekkur.](#)
- 19 Fraser, A. og K. Joe-Laidler (2024). Gangs and the Gig Economy. *The British Journal of Criminology*, 64 (2024).
- 20 Europol (2024). *Decoding the EU's most threatening criminal networks*. [Hlekkur.](#)
- 21 Sjá m.a. Cohen, A. K. (1955). *Delinquent Boys*. Glencoe, Ill.: Free Press; Becker ofl. (1961). *Boys in White: Student Culture in Medical School*. Chicago: University of Chicago Press; Thornton, S. (1995). *Club Cultures*. Cambridge: Polity Press og Haenfler, R. (2023). *Subcultures: the basics*. Routledge.
- 22 Rostami, A. o.fl. (2018). *Våldsbejakande extremism och organiserad brottslighet i Sverige*. [Hlekkur.](#)
- 23 Morselli, C. (2009). *Inside criminal networks* (Vol. 8). New York: Springer.
- 24 Barker, T. (2014). *Outlaw motorcycle gangs as organized crime groups*. Cham: Springer.
- 25 Sjá t.d. hér: [hlekkur.](#)

- 26 Weerman, F. M. og A.H Decker (2024). The Eurogang Definition.Context, Development, Scrutiny, and Debate (Including a Conversation with Malcolm Klein). *The Oxford Handbook of Gangs and Society*, 15-35.
- 27 Sjá t.d. hér: [Hlekkur](#).
- 28 Hæstaréttardómur nr. 43/2023 (Saltdreifaramálið) og dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-4044/2024 (Sólheimajökulsmálið). Þá má nefna mál nr. 493/2020 (Hvalfjarðargöng) þar sem Landsréttur sneri við sakfellingu Héraðsdóms fyrir skipulagða brotastarfsemi.
- 29 Landsréttardómur nr. 493/2020.
- 30 Evrópusambandið (1997), Enfopol 35. [Hlekkur](#).
- 31 Europol (2024). *Leveraging legitimacy. How the eu's most threatening criminal networks abuse legal business structures*. [Hlekkur](#).
- 32 Stjórnarráð Íslands (2023). *Útgáfa tilhæfulausra sölureikninga*. [Hlekkur](#).
- 33 Europol (2024). *Leveraging legitimacy. How the eu's most threatening criminal networks abuse legal business structures*. [Hlekkur](#).
- 34 Héraðsdómur nr. 2058/2023; Árni Sæberg (2025, 11. apríl). Þriggja ára fangelsi og tveggja milljarða sekt. *Vísir.is*. [Hlekkur](#).
- 35 Europol (2025). *Criminal finances and money laundering*. [Hlekkur](#); Ríkislögreglustjóri (2023). *Áhættumat vegna peningabættis og fjármögnun hryðjuverka*. [Hlekkur](#).
- 36 Basel AML index (2024). *Global ranking in 2024*. [Hlekkur](#).
- 37 Samkvæmt upplýsingum frá Skrifstofu fjármálagreininga lögreglu.
- 38 Europol (2025). *The changing DNA of serious and organised crime* (EU-SOCTA). [Hlekkur](#).
- 39 Sjá t.d. dóm Landsréttar nr. 493/2020, dóm Hæstaréttar nr. 43/2023, dóm Landsréttar nr. 342/2023 og dóm Héraðsdóms Reykjavíkur nr. 4044/2024.
- 40 Samkvæmt gögnum lögreglu um haldlögð fíkniefni.
- 41 Samkvæmt upplýsingum úr málaskrá lögreglu.
- 42 Sjá t.d. hér: Freyr Gígja Gunnarsson (2023, 7. september). Hæstiréttur tekur fyrir eitt stærsta dópmál sögunnar. *Rúv.is*. [Hlekkur](#).
- 43 Sjá t.d. hér: Kári Snorrason (2025, 8. júlí). Fíkniefnaframleiðslan „keðja um allt land“. *Mbl.is*. [Hlekkur](#).
- 44 Politiet. (2025). *Police Threat Assessment - Norway 2025*. [Hlekkur](#).
- 45 Sama heimild.
- 46 Sjá dóm Landsréttar nr. 30/2024; dóm Landsréttar nr. 493/2020 og dóm Hæstaréttar nr. 43/2023.
- 47 EUDA (2025). *Wastewater analysis and drugs – a European multi-city study*. [Hlekkur](#).
- 48 Samkvæmt upplýsingum frá Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði.

- 49 EMCDDA og Europol (2024). *EU drug market analysis 2024*. [Hlekkur](#).
- 50 Hér má finna nákvæmari skilgreiningu á NPS efnum: [hlekkur](#).
- 51 EMCDDA og Europol (2024). *EU drug market analysis 2024*. [Hlekkur](#).
- 52 Sama heimild.
- 53 Bade, R. o.fl. (2023). *Three years of wastewater surveillance*. *Water Research X*, Vol 19, 2023.
- 54 Þorgerður Anna Gunnarsdóttir (2025). Töflurnar reyndust falsaðar Oxycontin töflur og innihéldu nýtt, hættulegt fíkniefni. RÚV. [Hlekkur](#): *Lögreglan* (2025, 3. apríl). Fréttatilkynning frá lögreglunni á Suðurnesjum og Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði, Háskóla Íslands. [Hlekkur](#).
- 55 EUDA (2025). *Drug-induced deaths-the current situation in Europe*. [Hlekkur](#).
- 56 Samkvæmt upplýsingum frá Skrifstofu fjármálagreininga lögreglu. Umfangið jafngildir um 0,27-0,67% af VLF og samfélagslegi kostnaðurinn um 0,75%.
- 57 Dagbjört Hanna Baldursdóttir. (2024). *Samfélagslegur kostnaður vegna fíkniefna-neyslu á Íslandi – kostnaðargreining*. BS-ritgerð.
- 58 EMCDDA og Europol (2024). *EU drug market analysis 2024*. [Hlekkur](#).
- 59 Samkvæmt upplýsingum frá Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði.
- 60 European Commission (2025). *Evaluating Cocaine Market Interventions. How External Shocks and Disruption of Criminal Networks Impact the Cocaine Trade and Social Outcomes*. [Hlekkur](#).
- 61 UNODC (2023). *Global report on trafficking in persons 2022*. [Hlekkur](#).
- 62 Sjá t.d. hér: UNODC (2025). [Hlekkur](#).
- 63 Europol (2025). The changing DNA of serious and organised crime (EU-SOCTA). [Hlekkur](#).
- 64 UNODC (2023). *Global report on trafficking in persons 2022*. [Hlekkur](#).
- 65 Almenn hegningarlög nr. 19/1940, gr. 227 a. Sjá nánari útskýringar á hugtökum í Bjarkarhlíð (2024). *Ársskýrsla 2024*. [Hlekkur](#).
- 66 Sjá t.d. Hallgerður Kolbrún E. Jónsdóttir (2024, 26. mars). Gæsluvarðhald framlengt um tvær vikur. *Vísir.is*. [Hlekkur](#).
- 67 UNODC (2022). *Global report on trafficking in persons 2022*. [Hlekkur](#).
- 68 GRETA (2023). *Evaluation report Iceland*. [Hlekkur](#).
- 69 Bjarkarhlíð (2025). *Mansal 2024*. *Ársskýrsla*. [Hlekkur](#).
- 70 ASÍ (2023). *Íslenskur vinnumarkaður 2023*. Sjá einnig umfjöllun hér: [hlekkur](#).
- 71 Sjá t.d. Hallgerður Kolbrún E. Jónsdóttir (2024, 26. mars). Gæsluvarðhald framlengt um tvær vikur. *Vísir.is*. [Hlekkur](#).

- 72 Europol (2025). *The changing DNA of serious and organised crime* (EU-SOCTA). [Hlekkur.](#)
- 73 Europol (2025). *IOCTA 2025. Steal, deal and repeat: How cybercriminals trade and exploit your data.* [Hlekkur.](#)
- 74 Sjá t.d. Kjartan Leifur Sigurðsson (2025, 28. ágúst). Bitcoin-þvottastöð hýst á Íslandi: 200 milljónir dala. *Mbl.is.* [Hlekkur.](#)
- 75 Europol (2023). *Online fraught schemes: A web of deceit.* [Hlekkur.](#)
- 76 Samkvæmt gögnum úr þolendakönnun lögreglu, upplýsingum úr málaskrákerfi lögreglu og gögnum frá Fjölmíðlanefnd um umfang og tilkynningar brota.
- 77 CERT-IS (2023). *Ársskýrsla 2023.* [Hlekkur.](#)
- 78 CERT-IS (2025). Kynning 27. mars 2025.
- 79 Europol (2025). *IOCTA 2025. Steal, deal and repeat: How cybercriminals trade and exploit your data.* [Hlekkur.](#)
- 80 Sama heimild.
- 81 CERT-IS (2025). Kynning 27. mars 2025.
- 82 CERT-IS (2024), *Ársyfirlit 2024.* [Hlekkur.](#)
- 83 Sama heimild.
- 84 ENAA (2023). *Straw men in organised property crime.* [Hlekkur.](#)
- 85 Europol (2024). *Decoding the EU's most threatening criminal networks.* [Hlekkur.](#)
- 86 ENAA (2023). *Straw men in organised property crime.* [Hlekkur.](#)
- 87 Europol (2014). *Early warning notification. Increase in thefts in catalytic converters.* [Hlekkur.](#)
- 88 *Vísir.is* (2013, 28. maí). Fundu 160 kíló af þýfi. [Hlekkur.](#)
- 89 Lögreglulög nr. 90/1996. 15 gr. a. og b.
- 90 Stjórnarráðið (2025). Stýrihópur um varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. [Hlekkur.](#)

